


# Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Klettaborg

2018 – 2019



## Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

## Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

## Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla.....	3
Leiðarljós leikskólans.....	4
1 Greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári.....	4
2 Um innra mat í leikskólum.....	6
2.1 Deildir, greinargerð s.l. ár og umbætur næsta ár.....	8
2.1.1 Fálkaklettur.....	8
2.1.2 Arnarklettur.....	10
2.1.3 Hrafnaklettur og Kríuklettur.....	13
3 Ytra mat.....	15
4 Sérkennsla, greinargerð s.l. ár og umbætur næsta ár.....	17
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	21
6 Aðrar áherslur leikskólans.....	22
7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	23
8 Foreldrasamvinna.....	24
9 Samstarf leik- og grunnskóla.....	25
10 Skipulagsdagar.....	25
11 Fylgigögn - matsgögn.....	26
✓ Ytra mat - litakóði	
✓ Ytra mat - umbætur	
✓ Matsáætlun '18 -'19	
✓ Matsáætlun til 5 ára	
✓ Dagatal f. foreldra	
✓ Samstarf við grunnskóla yfirlit v/17-18	
✓ Mat - dagskipulagi	
✓ Mat - haustið	
✓ Mat - jákvæð og glaðleg samskipti	
✓ Mat - þjóðsagan	
11.1 Umsögn foreldraráðs.....	37

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

# Leiðarljós leikskólans

Gleði, virðing og öryggi eru leiðarljós Klettaborgar ásamt því að málumhverfi barnanna sé frjótt og skapandi.

## 1 Greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Hér í þessari greinargerð er óskað eftir (frá SFS) að fram komi áherslur í skólaþróun og annað sem kemur að fagmennsku leikskólans og/eða var einkennandi fyrir árið.

Allt starf leikskólans á að einkennast af þróun og fagmennsku, því er erfitt að draga fram sérstaka þætti sem lúta að því umfram aðra. Þó geta ýmis verkefni verið „puntstrá“ í starfinu sem gaman er að sýna og draga fram og tengja enn frekar við þróun og fagmennsku. Því fer hér á eftir örlítið innlit í nokkra þætti starfsins. Rétt er að ítreka að samskiptin, umhyggjan, alúðin, hlýjan, virðingin og gleðin er það sem skiptir öllu máli (að mati leikskólastjóra) til að barni líði vel og geti lært og dafnað í umhverfinu. Það eru aðaláherslur leikskólans og hjá öllum starfsmönnum.

Leikskólastarfið í heild gekk vel, þrátt fyrir erfiða stöðu í starfsmannamálum, mikla faliðun og marga nýliða. Áætlanir stóðust að mestu leyti, þó eru alltaf einhver verkefni sem ekki næst að vinna að eins og áætlað hefur verið. Sum verkefni þurfa lengri tíma til að festa rætur í starfinu og önnur verkefni hafa vikið vegna tímaleysis eða annarra ófyrirséðra aðstæðna t.d. eins og mikilla forfalla í starfsmannahópnum.

Þessi vetur er sá áttundi þar sem unnið var með þjóðsögu (eitt aðal puntstrá leikskólans) með öllum börnum. Fyrir valinu var *Fóa og Fóa Feykirófa*. Verkefnið var undirbúið í starfsmannahópnum um áramót og fór til barnanna eftir það. Í þjóðsöguverkefninu verður mikil þróun og fagmennska í leikskólastarfinu, þar er unnið með öll námssviðin og þau tengd við allt daglegt starf. Tungumálið, sköpun, samskipti og menning skipa stóran sess í verkefninu. Fylgt er eftir áhugasviði barnanna í þróun verkefnisins og gleðin höfð að leiðarljósi. Allir eru sammála um að það hafi verið skemmtilegt bæði fyrir börn og starfsfólk. Á opna húsi leikskólans í maí s.l. var vinnuferlið og verkefni úr því sýnt á öllum deildum. Margir sem komu á opna húsið höfðu á orði hvað þetta væru fjölbreytt og skemmtileg verkefni sem sýndu vinnu og þátttöku barnanna í þessari þjóðsögu. Í ferilmöppum barnanna er m.a. hægt að sjá þróun barnanna í endursögn á milli ára.

Fyrir áramótin unnu yngri deildirnar sérstaklega með námssviðið „heilbrigði og vellíðan“. Það var tengt við allt daglegt starf og mikil myndræn skráning var gerð sýnileg við deildirnar, til þess að foreldrar og aðrir gætu séð hvernig lífið er í leikskólanum út frá þessu námssviði. Börnin voru að efla sjálfstæði sitt, prófa sig áfram, auka sjálfshjálp sína, velja og hafna, styrkja sig félagslega, læra á tilfinningar, kynnast og þora, og margt margt fleira. Starfsmenn voru sammála um að verkefni hefði veitt gleði og ánægju inn í barnahópinn og í heildina hefði það heppnast vel.

Síðasta vetur voru tekin fyrstu skref að innleiðingu á nýju verkefni „Heilsuefling í leikskóla“. Á skipulagsdegi um haustið fengu allir starfsmenn fræðslu um verkefnið, valið var í teymishóp

starfsmanna til að fylgja því eftir, en því miður þá náðist ekki að gera það vegna fáliðunar. Þetta verkefni verður áfram næsta vetur.

Næsta vetur verður byrjað að vinna með verkefnið „Vinátta“ sem byggir á námsgögnum sem Barnaheill gefur út. Margir starfsmenn hafa nú þegar farið á námskeið um þetta verkefni til að undirbúa sig. Stefnt er að því að allir starfsmenn sækja slíkt námskeið.

Starfsviðtöl við starfsmenn voru um vorið. Þar var farið yfir veturinn og hugað að næsta vetri. Í samtölunum kom fram að starfsmenn eru almennt ánægðir með vinnustaðinn og starfið en finnst vanta tíma til samræðna í hópnum, bæði fyrir deildarstarfsmenn og hópinn í heild. Helsta ástæðan er sú að það falla oft niður, eða frestast, ýmsir fundir/samráð og undirbúningstími vegna fáliðunar. Erfitt er að halda uppi áætluðu starfi með þeim verkefnum sem fyrirhuguð eru í starfsáætlun þegar forföll verða.

Í vetur, eins og undanfarna vetur, settu forföll í starfsmannahópnum mark sitt á starfið, því ekki fékkst afleysing eins og þörf hefði verið á. Það veldur m.a. því að dagskipulagið verður einfaldað og ákveðnir þættir/verkefni falla niður, kennarar komast síður í undirbúningstíma og álag á aðra starfsmenn eykst.

Ekki er hægt að ganga að því vísu að fundartímar/samráðstímar sem ákveðnir eru samkvæmt ársáætlun gangi upp, því á dögum þegar fáliðun er, þá er í forgangi að sinna börnum og tryggja öryggi þeirra.

Ákveðið var að breyta dagskipulaginu á þann veg að kaffitímar voru sameinaðir í einn kaffitíma sem tekinn var um hádegisbilið í staðinn fyrir tvo kaffitíma sem teknir voru fyrir og eftir hádegi. Þetta auðveldaði margt í starfinu og skapaði meiri heild í vinnu með börnunum fyrir hádegið.

Nýliðar voru margir s.l. vetur. Það voru 9 starfsmenn sem byrjuðu í leikskólanum frá hausti '17 til apríl '18 og að auki komu 3 sumarstarfsmenn – 6 af þessum nýliðum verða í starfi áfram næsta vetur. Meðal þessara nýliða er einn leikskólakennari, 1 grunnskólakennari og 1 leikskólakennari með menntun frá Spáni en hún á eftir að fá þá menntun viðurkennda hér á landi – þeir verða áfram næsta vetur ásamt tveimur leiðbeinendum og sumarstarfsmanni.

Það er mikið álag á aðra starfsmenn þegar margir nýliðar eru, þá eru of fáir „vanir og gamlir“ starfsmenn sem geta leiðbeint og leiðrétt inn í starfið. Efniviður og umgengi fara forgörðum og mikill tími fer í að halda utanum helstu áherslur og vinnubrögð í starfinu sem snerta börnin beint.

Á hverju hausti er uppfærð viðbragðsáætlun vegna öryggis barna ef forföll starfsmanna fara yfir ákveðin mörk. Síðasta vetur voru engin börn send heim vegna fáliðunar, en oft var það ansi tæpt. Til þess að senda ekki börn heim var t.d. felldur niður undirbúningstími og fleiri verkefni látin víkja.

Eftir áramótin gerði Menntamálastofnun ytra mat í leikskólanum. Tveir matsfræðingar sáu um það. Þeir kölluðu eftir gögnum og dvöldu í leikskólanum í tæpa viku. Þeir fylgdust með leikskólastarfinu, ræddu við starfsmenn ýmist einslega og/eða í rýnihópum, einnig við foreldra og börn. Niðurstaðan kom í skýrslu frá þeim í byrjun maí. Í stuttu máli má segja að leikskólastarfið í Klettaborg sé með ágætum, en þó má alltaf gera betur og var bent á nokkra þætti sem tækifæri til umbóta. Gerð hefur verið umbótaáætlun út frá því og hún send á Menntamálastofnun og Skóla- og frístundasvið. Í kafla 11 Fylgigögn er litakóðuð samantekt úr skýrslunni, en hún er birt í heild sinni á heimasíðu leikskólans.

## 2 Um innra mat í leikskólum

Mat á starfinu fer fram yfir allt skólaárið og er byggt á skólanámskrá og áherslum leikskólans. Matsaðferðir Klettaborgar eru bæði formlegar og óformlegar. Allir starfsmenn koma að mati leikskólastarfsins á einhvern hátt. Leikskólastjóri ásamt öðrum stjórnendum og matsteyminu sjá um samantektina og skýrslugerð.

Formlegt mat:

- Þar er stuðst m.a. við athuganir, skráningar, kannanir, útfyllingu lista og þroskapróf. Eftirfarandi matsgögn eru notuð: Hljóm 2 (athugun á hljóð- og málvitund elstu barnanna), Íslenski þroskalistinn (næst elstu börn), ECERS kvarði (matstæki starfsmann um ýmsa þætti í leikskólastarfi) ekki notað á hverju ári, Gátlisti um sjálfsmynd og félagsfærni (útg. af SFS) og ýmsir formlegir skráningarlistar (útbúnir af kennurum Klettaborgar) sem gefa upplýsingar um þá þætti sem verið er að meta/skoða.

Óformlegt mat:

- Það fer fram m.a. í umræðuformi og í viðtölum, á ýmsum fundum (starfsmannafundum, deildarfundum, deildarstjórafundum), skipulagsdögum og í starfsviðtölum. Umræður eru oftast eftir fyrirframgefnum spurningum til þess að fá sýn og mat starfsmanna á ákveðna þætti í starfinu. Á deildarfundum yfir veturinn eru teknar ákvarðanir um ýmsar umbætur sem gerðar eru í starfinu s.s. breyting á ákveðnum þætti í dagskipulaginu (samverustund, hvíld) og eru slíkar breytingar metnar í lok vetrar.

Nám og velferð barna ásamt styrkleikum og hæfni þeirra er metið bæði formlega (sjá hér að ofan) og óformlega í umræðuformi og viðtölum við t.d. foreldra.

Hér eru taldir upp fastir liðir í árlegu mati leikskólans og sérstakar áherslur í starfsáætlun s.l. árs.

Verkefni - áherslur		Lokið	Athugasemdir
Elstu börn	Hljóm 2	x	Árlegt
Næst elstu börn	Íslenski þroskalistinn	x	Árlegt
Öll börn	Sjálfsmynd og félagsfærni	x	Árlegt
Öll börn	Jákvæð og glaðleg samskipti	x	Árlegt
Öll börn	Einstaklingsáætlun í samvinnu við foreldra	x	Árlegt
Börn – annað tungumál	Sérstök vinna sjá kafla 5		Heldur áfram næsta vetur
Skráning, hegðun og líðan barns	Á við í sérstökum tilvikum	x	Þegar ástæða er til, í samvinnu við foreldra
Samvinna hjálpsami	Verkefni með börnum	x	Árlegt
Elstu börn gróðursetja	Verkefni með börnum	x	Árlegt
Elstu börnin samstarf við Hamraskóla	Skipulagt yfir veturinn	x	Árlegt
Gildin í Klettaborg	Gleði – virðing - öryggi	x	Allar deildir unnu útfærslu með börnunum
Leikskólaperlan	Fræðsla til starfsmanna		Hugað að því næsta vetur
Dagskipulagið	Símat yfir veturinn	x	Sjá matsblað í fylgiskjöllum
Fræðslustarfsmappa	Deildarstjórar setja í hana verkefni vetrarins	x	Árlegt
Móttaka nýliða	Yfirfara móttöku gögn		Heldur áfram næsta vetur
Jafnréttisáætlun	Skráning	x	Greiningatæki Bechdel
Áherslur í samfélaginu		x	Tökum þátt í því í daglegu starfi leikskólans - árlegt

Sérstakir dagar		x	Fléttum inni starfið - árlegt
Litavikur		x	Árlegt
Ferilmappa		x	Verður í þróun næsta vetur
iPad – spjaldtölvur	Skráning á starfinu og rafbækur		Ekki hefur náðst að vinna þetta eins og skyldi, sjáum til næsta vetur.
Þekkingar heimsóknir		x	Árlegt
Veðurfræðingur	Arnarklettur		Sjá mat deildarstjóra
Vettvangsferðir/útinám	Fálkaklettur		Sjá mat deildarstjóra
Mat – sýn barna	Fálkaklettur og Arnarklettur		Sjá mat deildarstjóra
Áherslur SFS	Tengt við áherslur og námskrá Klettaborgar	x	
Vogin – Samstarfsverkefni Grafarvogs			Heldur áfram

Flest ofantalinna verkefna halda áfram næsta vetur með svipuðu sniði og verið hefur.

Sjá matsáætlun fyrir árið 2018-2019 í fylgigögnum.

Sjá matsáætlun til lengri tíma þ.e. 5 ára áætlun í fylgigögnum.

### Styrkleikar í starfi Klettaborgar

Styrkleikar í starfi Klettaborgar komu skýrt fram í Ytra mati Menntamálastofnunar. Þar kemur fram að ein af aðaláherslum leikskólans í námskrá Klettaborgar „frjótt og gott málumhverfi“ er mjög sýnilegt/heyranlegt bæði í verki og verkefnum m.a. í samskiptum starfsmanna við börnin og að vinna með þjóðsögur og þulur er talin til fyrirmyndar.

Hér eru talin nokkur atriði úr Ytra matinu sem nefnd eru styrkleikar í niðurstöðu þar.

- Vel hefur tekist að halda í fagmenntað starfsfólk.
- Starfsmannahandbók og móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn – til fyrirmyndar.
- Mikill samhljómur um stefnu leikskólans – starfsmenn og foreldrar.
- Starfsandi mjög góður.
- Efniviður er áhugaverður og aðgengilegur fyrir börnin, viðfangsefnin fjölbreytileg.
- Á vettvangi sáu matsmenn að starfsfólk mætti börnunum af virðingu og samskiptin voru jákvæð og uppbyggileg. – byggt á fjórum samskiptaáherslum, sem unnið er með sérstaklega í tvær vikur í senn. = Markviss vinna í starfsmannahópnum til að stuðla að góðum samskiptum við börnin – til fyrirmyndar.
- Til fyrirmyndar er hvernig unnið er með áhersluþætti í samskiptum við börnin og skráningar í tengslum við það.
- Virðing, uppbyggjandi samskipti og væntumþykja einkenna samskipti starfsfólks við börnin.
- Á vettvangi sáu matsmenn að starfsfólk er tilbúið að hlusta á börnin og ræða við þau.
- Í vettvangsathugunum sáu matsmenn sjálfstæð, glöð og starfsöm börn og uppbyggileg samskipti starfsmanna við þau.
- Á vettvangi var samstarf og samábyrgð starfsmanna á deildum sýnileg.
- Huga þarf að endurbótum bæði á húsnæði og lóð og einnig vinnuaðstæðum barna og starfsmanna – mikill samtakmáttur að gera það best úr aðstæðum af hendi starfsmanna.

## 2.1 Deildir, greinargerð s.l. ár og umbætur næsta ár

### 2.1.1 Fálkaklettur

Haustið fór að mestu í það að börnin kynntust hvert öðru og okkur, æfðu sig í að fara eftir dagskipulagi og reglum deildarinnar. Lagt var upp með að hafa leikinn í fyrirrúmi og síðan tóku við vinnustundir og hefðbundið starf.

Síðasta vetur var m.a. unnið með útikennslu, Lubba, veðurfræðing, þulur og þjóðsögu.

Útinámið gekk ágætlega. Ekki voru farnar eins margar ferðir eins og lagt var upp með vegna veðurs og faliðunar, en starfsmenn og börn voru ánægð með þær ferðir sem farnar voru. Myndir voru prentaðar út og sýndu börnin foreldrum sínum og sögðu frá ferðinni.

\* Í umbótaáætlun verður áfram unnið með útikennslu, tímabilið verður styttra að hausti og að vori og verður það sett markvissara upp. Við viljum halda áfram að efla okkur í útinámi og auka fjölbreytta útivist.

Unnið var með Lubbastundir á haustönn og lærðu börnin um hljóð stafanna og gerðu verkefni tengd því. Lítið var unnið með Lubba á vorönn. Það festist ekki í sessi eftir að þjóðsagan byrjaði. Unnið var með þulur allan veturinn. Öll börn lærðu 8 þulur yfir veturinn, eina á mánuði og myndskreyttu þulublað sem síðan var sett í þulubók barnsins. Á opna húsinu var þulubókin til sýnis og börnin sýndu foreldrum sínum og fóru með þulurnar fyrir gesti sína. Einnig tóku börnin þátt í mati á hvaða þula þeim fannst skemmtilegust. Þulur voru sýnilegar á vegg deildarinnar og voru börnin oft að skoða þær og fara með þær.

\* Í umbótaáætlun ætlum við að vinna með læsi í hefðbundnum skilning þar sem börnin verða elst næsta vetur og mikilvægt er að auka orðaforða og málnotkun barnanna. Áfram verður unnið með Lubbastundir og ákveðið var að Lubbi fari heim á föstudögum með barni sem skráir niður hvað var gert um helgina og kynni það í leikskólanum eftir helgi. Síðan bætist við vinna með Sögugrunninn sem er sögugerð. Þetta eru liðir í að efla framsögn og sjálfsmynd barna.

Unnið var með Veðurfræðing allan veturinn. Öll börn fóru heim með Veðurfræðingsbókina um helgi og skráðu helgarveðrið í hana og kynntu það fyrir börnum deildarinnar eftir helgi. Einnig voru börnin veðurfræðingar í leikskólanum yfir veturinn, þar sem þau sögðu okkur hvernig veðrið var hvern dag og hvernig klæðnaður væri bestur í útiveru.

Ekki var gerð umbótaáætlun varðandi þetta verkefni en það heldur áfram næsta vetur.

Unnið var með þjóðsögu eftir áramót. Það gekk mjög vel. Unninn var vefur með verkefnum tengdum sögunni og voru allir þættir í námskrá leikskólans teknir inn í það og unnið með öll námssviðin. Mörg verkefni voru unnin og var mikil ánægja með þessa þjóðsögu. Afrakstur vinnu vetrarins var sýndur foreldrum og gestum á opnu húsi leikskólans að vori.

Aðal verkefnið var endursögn barnanna á þjóðsögunni, sem sett var í bók ásamt þulu sem þau bjuggu til um söguna.

Ekki var gerð umbótaáætlun varðandi þetta verkefni en það verður áfram næsta vetur.

\* Í umbótaáætlun fyrir næsta vetur verður sett inn að auka skráningar í ferilmöppu barnanna. Það er gert til að skapa minningu fyrir barnið um leikskólagöngu sína í máli og myndum.



Unnið var með gildin í leikskólanum, Gleði, virðing og öryggi. Börnin tóku þátt í því að gera þau sýnileg og komu með eigin hugmyndir um hvað orðin þýða. Þetta verkefni var kynnt á degi leikskólans í febrúar.

Ekki var unnið markvisst með sýn barnanna á leikskólann en út frá ytra matinu verður unnið með það að börnin geti haft áhrif á það sem er í valinu og verður það metið í lokin. Þetta er gert til að auka lýðræði barna í þátttöku á viðfangsefni í valinu.

\*Í umbótaáætlun fyrir næsta vetur taka börnin þátt í að meta leikskólastarfið og fá tækifæri til að meta útikennsluna og koma með sína sýn á því verkefni.

#### Fálkaklettur – umbótaþættir

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Útikennsla	Öll börn fari í útinám einu sinni í viku. Frá sept – okt og mars- maí	Setja upp áætlun með ferðatilhögun og leiðbeiningum um námsefni. Nýta Gufunesbæ og Óðal	Sept 18 – maí 19	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Skráning á ferðum og umræðumat á deildarfundi des 18 og maí 19	Efla heilbrigðan lífstíl og fjölbreytta útivist. Að börn kynnist nærumhverfi sínu Að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir umhverfi sínu og náttúru
Læsi	Vinna með læsi í hefðbundnum skilning	Taka inn námsefnið Sögugrunninn og vinna áfram með þulur, Lubba, framsögn, sögugerð	sept 18 – maí 19	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Skráningar Umræðumat á deildarfundi des 18 og maí 19	Auka orðaforða og málnotkun barna. Styrkja sjálfsmynd þeirra í gegnum framsögn
Ferilmappa	Auka skráningar í ferilmöppu	Markmið er að öll börn eigi tvær skráningar í möppunni sinni.	Sept 18 – maí 19	Deildarstjóri og starfsmenn deilda	Skráningar Stöðumat á deildarfundi des 18 og maí 19	Skapa minningu fyrir barnið um leikskólaveru sína
Sýn barnanna	Börnin taki þátt í að meta leikskólastarfið og fái tækifæri til að koma með	Vinna með demanta-aðferðina.	jan 18- maí 19.	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Skráningar Umræðumat á deildarfundi í	Styrkja sjálfsmynd barnsins. Aukið lýðræði. Börnin fá tækifæri til að meta starfið

tillögur að leiðum í eigin námi.					des 18 og maí 19.	og hafa áhrif á námsumhverfið sitt.
----------------------------------	--	--	--	--	-------------------	-------------------------------------

### 2.1.2 Arnarklettur

Veturinn 2017-18 einkenndist af miklum breytingum og tilfæringum á verkefnum vegna samsetningu barnahópsins. Mörg börn voru með aðkomu sérfræðinga m.a. vegna málþroska- og hegðunarvanda og fengum við aukið stöðugildi á deildina vegna þessa. Við vorum í mikilli samvinnu við sérfræðinga Miðgarðs, má þar nefna talmeinafræðinga, hegðunarráðgjafa og sálfræðinga. Vegna innkomu þeirra aðlöguðum við dagskipulagið að verkefnum sem þau vildu innleiða á deildina vegna þeirra barna.

Við höfum unnið í nánu samstarfi við sérkennslustjóra leikskólans og hefur hún verið ómetanlegur stuðningur við deildina. Hún hefur stutt okkur í þeim verkefnum sem við höfum verið að takast á við í vetur, tekið börn í sérkennslu ásamt því að gefa okkur hugmyndir sem nýtast inn í starfið.

Markviss sérkennsla var á deildinni í vetur með þau börn sem þess þurftu. Unnið var m.a. með málörvun, félagsfærni, leikfærni og ýmsa aðra hegðunarpætti jafnt einstaklingslega og í smærri hópum. Unnið var með myndrænt dagskipulag til að auðvelda börnunum að fylgja eftir í daglegu starfi.

Við unnum mikið með reglur sem voru unnar í samvinnu við hegðunarráðgjafa, starfsfólk og börn deildar. Þetta voru reglur sem við settum okkur m.a. í samverustund, á leikskvæðum og í starfinu almennt. Reglurnar voru settar upp myndrænar á deildinni þar sem þær áttu við. Þessar reglur voru settar m.a. til að halda betur utan um barnahópinn, skapa vinnufrið og til þess að börnin öðluðust færni til að setja hvort öðru mörk og er ætlunin að vinna áfram með þær reglur næsta vetur í öllu húsinu.

Þar sem við vorum með mörg börn á deildinni með málþroskavanda skipaði málörvun stóran sess í öllu starfi vetrarins og vorum við stöðugt að finna leiðir til að auka orðaforða og efla læsi á deildinni. Við unnum allan veturinn með Lubba og er ætlunin að halda áfram næsta vetur og þróa það verkefni áfram. Um áramótin fórum við af stað með lestrarhópa og skráðum við markvisst allan lestur hópanna á svokallaðan lestrarorm og fengum við foreldra í lið með okkur einn mánuðinn þar sem þeir voru hvattir til að lesa sem mest með börnunum og skrá það á til þess gerða hringi og setja í orminn. Þetta verkefni tókst mjög vel og vakti mikla ánægju meðal barnanna og var um leið hvatning fyrir foreldra að auka lestur heima með börnunum og heldur þetta verkefni áfram næsta vetur.

Í byrjun vetrar fóru börnin markvisst í útikennslu með það markmið fyrir höndum að færa hefðbundið nám út fyrir vegg deildarinnar og auka þannig á fjölbreyttar kennsluaðferðir. Í útikennslunni fengu börnin m.a. tækifæri til aukinnar hreyfingar, þau lærðu að þekkja nærumhverfið sitt og að þau báru ábyrgð á að ganga vel um það. Veður og færð settu strik í reikninginn yfir harðasta veturinn og er ætlunin að setja upp nýja áætlun sem tekur mið af því fyrir næsta vetur.

Verkefni elstu barnanna voru fjölbreytt og tóku mið af samsetningu hópsins. Þau fóru m.a. í markvissar heimsóknir í Hamraskóla yfir veturinn en markmiðið með heimsóknunum var m.a. að gera börnin öruggari í umhverfinu þegar þau skipta um skólastig næsta haust og gekk það vel og voru

börnin áhugasöm og voru verkefni sem boðið var upp á fjölbreytt og spennandi. Við fórum í hinar ýmsu vettvangsferðir m.a. til að auka menningarlega þekkingu barnanna. Má þar nefna heimsókn í Hörpuna, Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið og Þjóðminjasafnið. Í vetur var unnið með nýtt námsgagn í stærðfræði í *Talnaland 1 og 2* eftir Hafðísi Finnbogadóttir. Börnin sýndu því mikinn áhuga og fannst það skemmtilegt. Einnig fóru elstu börnin í svokallaða skemmtiferð en hún markar endi á leikskólagöngu þeirra. Í þeirri ferð var farið í miðbæinn þar sem þau fengu leiðsögn og fræðslu um sögu Reykjavíkur og hin ýmsu kennileiti voru skoðuð. Ferðin er farin með það að markmiði að vera skemmtileg en um leið fræðandi.

Við vorum með myndlistakennara aðra hverja viku allan veturinn og unnu börnin ýmis verkefni með henni sem tengdust m.a. þjóðsögunni, elstu barna starfinu og öðru því sem vakti áhuga barnanna. Þetta samstarf gekk mjög vel og voru börnin mjög áhugasöm að vinna þau verkefni sem lögð voru fyrir ásamt því að koma með sínar eigin hugmyndir af verkefnum.

Eftir áramót var unnið með þjóðsöguna Fóa og Fóa Feykirófa. Öll börnin á deildinni tóku þátt í þeirri vinnu og voru mörg skemmtileg verkefni unnin og sýndum við afrakstur þeirrar vinnu á opnu húsi í maí mánuði. Í þjóðsöguvinnunni eru teknir fyrir allir þættir í námskrá leikskólans og unnið með öll námssviðin. Verkefnið gefur okkur einnig tækifæri til að dýpka og taka mið af áhugasviði barnanna.

Samkvæmt umbótaáætlun síðasta vetrar var ætlunin að vinna markvissara með veðurfræðing deildarinnar. Markmiðið var að gera börnin læs á veðrið og tengja það við hvernig fatnað er best að nota við hverjar aðstæður. Einnig var markmiðið að kenna börnunum um árstíðirnar og að auka orðaforða þeirra en við eigum ótalmörg orð til um veðrið. Verkefnið fór hægt af stað og náði ekki alveg að festa sig í sessi en þó hafa verið gerðar ákveðnar umbætur á verkefninu sem halda áfram næsta vetur.

Dagskipulag leikskólans tók breytingum um áramótin 2017-18 en þá fækkuðum við kaffitímum starfsmanna úr tveimur stuttum í einn langan og gaf það okkur tækifæri til að breyta dagskipulagi innan deildarinnar og munum við útfæra þær breytingar nánar næsta vetur.

Eins og sjá má hefur málörvun skipað stóran sess í öllu starfi vetrarins og er ætlunin að þróa það starf enn frekar næsta vetur og því setjum við læsi sem umbótaþátt fyrir næsta vetur. Einnig munum við vinna áfram með reglurnar á deildinni og í leikskólanum í heild sinni til að stuðla að jákvæðu og betra námsumhverfi fyrir börn og starfsfólk og munum við m.a. nýta Vináttuverkefni Barnaheilla sem einn lið í því verkefni. Útikennslan mun skipa stóran sess í starfinu og munum við nota fjölbreyttar kennsluaðferðir m.a. til að auka hreyfingu og efla hreysti barnanna. Við munum einnig stuðla að aukinni þátttöku barnanna í mati á verkefnum og fá þeirra sýn á starfið og um leið efla lýðræði.

Dagskipulagið er í stöðugri þróun og munum við leita leiða til að gera það skilvirkara fyrir starfið með börnunum og auka þannig á vellíðan allra.

#### Arnarklettur umbótaþættir

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Læsi	Vinna með læsi í hefðbundnum skilningi.	Unnið með sögu grunninn, Lubba,	Sept '18- maí '19.	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Skráningar og umræðumat	Auka orðaforða, málvitund og málnotkun barna.

		lestrarhópar, þulur og framsögn. Útikennsla.			á deildarfundum í des '18 og maí '19.	Styrkja sjálfsmynd þeirra í gegnum framsögn. Þjálfning hlustunar og einbeitingu. Efla sköpunargáfu og hugmyndaflug.
<b>Útikennsla</b>	Öll börn fari í útikennslu einu sinni í viku. Frá sept – okt og mars- maí	Setja upp áætlun með ferðatilhögun og leiðbeiningum um námsefni. Nýta Gufunesbæ, Óðal og nærumhverfi leikskólans.	Sept '18- maí '19.	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Skráningar og umræðumat á deildarfundum í des '18 og maí '19.	Hreyfing. Auka úthald. Málörvun. Kynnast nánasta umhverfi. Að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir umhverfi sínu og náttúru
<b>Reglur</b>	Að búa til gott námsumhverfi fyrir börn og starfsfólk	Dýpka þær reglur sem fyrir eru í leikskólanum í samvinnu við börnin og auka skilning og þekkingu barnanna á þeim. Vináttuverkefni Barnaheilla.	Sept '18- maí '19.	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Skráningar og umræðumat á deildarfundum í des '18 og maí '19.	Styrkja sjálfsmynd barnsins. Efla jákvæða hegðun. Börnin læri að setja sér og öðrum mörk. Auka vellíðan.
<b>Sýn barna</b>	Börnin taki þátt í að meta leikskólastarfið og fái tækifæri til að koma með tillögum að leiðum í eigin námi.	Vinna með demanta- aðferðina.	Jan '18- maí '19.	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Skráningar og umræðumat á deildarfundum í jan '19 og maí '19.	Styrkja sjálfsmynd barnsins. Aukið lýðræði. Börnin fá tækifæri til að meta starfið og hafa áhrif á námsumhverfið sitt.

### 2.1.3 Hrafnaklettur og Kríuklettur

Í fræðsluverkefni fyrir áramót var unnið með Heilbrigði og vellíðan, sem er einn af grunnþáttum menntunnar í aðalnámskrá leikskóla. Verkefnið var gert sýnilegt börnum og foreldrum með myndaskráningum á deildunum. Tilvísanir í aðalnámskrá voru hafðar við myndaskráningarnar. Foreldrar voru í tölvupósti hvattir til að gefa sér tíma til að skoða myndirnar úr starfinu og stoppuðu börnin einnig mikið við verkefnið og skoðuðu saman. Umönnun er stór þáttur starfsins á yngri deildum og erfitt að gera sýnilegt. Þetta var okkar leið til að gefa foreldrum innsýn inn í daginn okkar. Verkefnið gekk vel og var metið í umræðum starfsfólks á deildum.

Markvisst var unnið með þulur á báðum deildum allan veturinn. Hver þula var tekin fyrir mánuð í senn og farið með hana í samverustundum. Þulur voru sendar til foreldra með tölvupósti. Að hausti þegar starfsmenn leggja inn nýja þulu eru börnin aðallega að hlusta og uppgötva takt og hljómfall, en í lok vetrar er stór hluti þeirra búinn að læra hana og heyrir til barna í leik fara með þulur. Umræðumat var á deildarfundum þar sem starfsmenn meta framfarir barna með því að horfa, hlusta og lesa í tjáningu þeirra.

Ekki var samræmi milli deildanna um hver þula mánaðar var og starfsfólk sammála um að endurskoða val þeirra fyrir næsta vetur. Þetta verkefni fer því í umbótaáætlun hjá okkur fyrir næsta vetur.

Í fræðslustarfi eftir áramót var unnið með þjóðsögu á öllum deildum eins og undanfarin ár. Að þessu sinni var tekin fyrir sagan um Fóu og Fóu Feykirófu. Starfsmenn Hrafnakletts og Kríukletts fóru í sameiginlega hugmyndavinnu um efni þjóðsögunnar áður en vinna með hana hófst með börnunum. Verkefni voru fjölmörg og aðlöguð aldri barna á deildum. Í þessari vinnu eflist málþroski barna, sköpunargáfa og samvinna. Einnig kynnast börnin sagnaarfi þjóðarinnar. Afrakstur vinnu vetrarins er sýndur foreldrum og gestum á opnu húsi leikskólans að vori. Þjóðsöguvinna í leikskólanum hefur fest sig í sessi og heldur áfram.

Undanfarin ár hefur einstaklingsáætlun aðlögunarbarna/barna sem byrja að hausti verið gerð í vorviðtali sem leiðir til þess að vinna með þá áhersluþætti verður ekki nægilega markviss þar sem lítið er eftir af önninni.

Einstaklingsáætlun verður nú fyllt út í samvinnu við foreldra fyrir öll börn í haustviðtali og unnið eftir áhersluþáttum úr henni fram á vor.

Heimsóknardagur milli Hrafnakletts og Kríukletts verður einu sinni í viku þar sem 4-5 börn fara í heimsókn milli deilda með starfsmanni. Þetta er liður í því að auka tengsl og samvinnu barna og starfsfólks.

Í október og nóvember verður farið markvisst í útikennslu með yngstu börnin. Útiveran fyrir hádegi verður nýtt í gönguferðir. Markmiðið er að hvert barn fari þrisvar sinnum í göngu á tímabilinu og kynnist margbreytilegu umhverfi kringum leikskólann og að útivistin verði fjölbreyttari.

#### Hrafnaklettur og Kríuklettur - umbótaþættir

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Þulur	Að börn læri fjölbreyttar þulur sem	Höfum þulu mánaðarins september-	September – maí	Deildarstjórar og starfsmenn deilda	Skráning Des. '18 og maí. '19	Að börn kynnist takti, hrynjanda og

	stuðla að auknum málþroska.	maí. Að farið sé með þulu a.m.k. 3 sinnum í viku í samveru. Þula send heim í tölvupósti til foreldra.				fjölbreytileik a tungumálsins
<b>Einstaklingsnám skrá</b>	Að fylla einstaklingsnám skrá út í fyrsta viðtali fyrir öll börn að hausti. Áður var ekki fyllt út fyrir börn sem byrjuðu að sumri fyrr en vorið eftir. Áhersluþættir fyrir hvert barn ákveðnir í samvinnu við foreldra í viðtali fyrir áramót og unnið eftir þeim fram á vor.	Foreldrar koma með upplýsingar í viðtal sem notaðar eru til að fylla út einstaklingsnám skrá barnsins í haustviðtali.	Október - janúar	Deildarstjórar	Foreldraviðta lsgögn Jan. '19	Að einstaklingsnám skrá nýtist fyrr og betur en áður í vinnu með barninu. Aukið foreldrasams tarf.
<b>Heimsóknardag ur</b>	Heimsóknardag ur 1 sinni í viku milli yngri deilda. Að yngstu börn leikskólans fari í heimsóknir. Auka samvinnu og tengsl barna og starfsmanna	5 börn og starfsmaður fara milli deilda kl. 8:45-9:30.	Október - maí	Starfsmenn deilda	Skráningarbl að Jan. og maí '19	Börnin læri að þekkja leikskólann sinn, kynnist starfsfólki og börnum á öðrum deildum og verði öruggari í aðstæðum.
<b>Gönguferðir/úti kennsla</b>	Vikulegar gönguferðir yngstu barnanna. Markviss hreyfing, upplifun og læra	Nýta útiveru f.h. frá kl.10-11 í gönguferðir. Að hvert barn fari 3 sinnum í	Október - nóvember	Starfsmenn deilda	Skráningarbl að Des. '18	Fjölbreytt útivist sem styður við grófhreyfingar. Kynnast nánasta

<b>Mat barna á gönguferðum/ú tikennslu</b>	að ganga saman í hóp.	göngu á tímabilinu.				umhverfi leikskólans.
	Að fá sýn barna á verkefninu	Börn spurð um upplifun sína eftir gönguferðir.	Október - nóvember	Starfsmenn deilda	Nota myndaspjöld með ólíkum svipbrigðum sem matstæki Des. '18	Fáum álit barna af upplifun þeirra á gönguferðun um

### 3 Ytra mat

SFS gerði könnun meðal starfsmanna eftir áramótin. Þátttaka starfsmanna var í lakara lagi, þrátt fyrir hvatningu stjórnenda til starfsmanna um þátttökuna. Niðurstaðan bendir til þess að starfsmenn séu almennt ánægðir í starfi sínu og ánægðir með leikskólastarfið í heild. Breyting milli ára er óveruleg.

<b>Þáttur</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
Árangursríkir stjórnunarhættir	4,54	4,52
Starfsánægja	4,17	4,08
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	4,34	4,19
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	4,12	4,12

Hámark í skori er 5

Menntamálastofnun gerði ytra mat í febrúar s.l. og skilaði skýrslu í maí. Björk Ólafsdóttir og Sigríður Sigurðardóttur matsfræðingar sáum um matið. Skýrslan ásamt umbótaáætlun leikskólans er á heimasíðu leikskólans. Í fylgigögnum er niðurstaðan í litakóðun styrkleika og umbótaáætlun leikskólans.

Tilgangur matsins er:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrivalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Gagnaöflun var m.a.:

- ✓ Ýmiss gögn sem skólinn lagði fram s.s. skólanámskrá, starfsáætlun, kannanir, matsáætlanir, dagskipulag o.fl. sem matsfræðingar sáu á vettvangi og kölluðu eftir.
- ✓ Rýnihópar við starfsmenn, foreldra, börn.
- ✓ Viðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og aðila frá SFS.
- ✓ Vettvangsathuganir í 4 daga.

Vísað er í skýrsluna á heimasíðu leikskólans – en í stuttu mál er hægt að segja að starfið í leikskólanum kom nokkuð vel út – sjá nánar í fylgigögnum.

Hér að neðan birtast 4 þættir sem sérstaklega er sett í umbótaáætlun í þessa starfsáætlun, en í fylgigögnum er heildarumbótaáætlun sem send var til Menntamálastofnunar.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Áfallaáætlun / Teymi	Að upplýsingar séu aðgengilegar á einum stað og „stofna“ áfallateymi	Gagnasöfnun og skipurit áfallateymis. Safna gögnum (bráðaupplýsingablað áföll /viðbrögð kafli 10 handbók) Útbúa áfallaáætlun	Sept 18 – maí 19	Leikskólastjóri og aðstoðar leikskólastjóri	Umræðumat janúar – maí 19	Áfalla og bráðaupplýsingamappa verið aðgengileg öllum
Lýðræði, Þátttaka barna	Að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varðar skipulag og verkefnaval	Börnin eru þátttakendur í vali á verkefnum deilda. Útbúa skráningablað Börn setji sér markmið	Sept 18 – maí 19	Deildarstjórar	Umræðumat jan 19 – maí 19	Öll börn taki þátt í vali á verkefnum deilda a.m.k. tvisvar á ári



<b>Einstaklings- áætlun</b>	Gefa börnum tækifæri til að setja sér markmið í einstaklings-áætlun Uppfæra haustviðtalsblað Útbúa markmiðsblað fyrir ferilmöppu	Barn með aðstoð foreldris setur sér markmið fyrir veturinn Að 3 elstu árgangarnir skili inn markmiðsblaði fyrir veturinn í haustviðtali	Sept 18 – maí 19	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Stöðumat janúar 19 – maí 19	Aukið foreldra-samstarf
<b>Matsáætlun</b>	Ýtarleg matsáætlun til lengri tíma (5 ár)	Taka einn námbátt á ári úr skólanám-skrá 5 ára áætlun	2018 - 2019	Leikskólastjóri aðstoðarleik-skólastjóri deildarstjórar	2x ár ári janúar 19 og maí 19	Að matsáætlun til 5 ára sé virk

#### 4 Sérkennsla, greinargerð s.l. ár og umbætur næsta ár

Stefna leikskólans Klettaborgar er að hafa ríkt málumhverfi, að börnin læri í gegnum leik og upplifi gleði, virðingu og öryggi meðan þau eru í leikskólanum. Þetta er rauði þráðurinn í öllu starfinu og hefur skilað góðum árangri í félagsfærni þeirra barna sem þurfa stuðning/sérkennslu. Gengið er út frá því að sérkennsla/stuðningur fari að mestu leyti fram í markvissri kennslu/þjálfun innan deildarstarfsins. Þegar þess er þörf fer innlögn fram í sér herbergi þar sem er ró og næði. Í því herbergi er einnig búið að taka saman ýmis gögn og spil sem nýtast vel í sérkennslu.

- **Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum og hve margir sinna því hlutverki?**

Haustið 2018 fékk leikskólinn úthlutað fjármagni vegna fjögurra barna og eftir áramót bættust tvö börn í þennan hóp. Jafnframt var úthlutað frá haustinu 50% auka stöðu sérkennslustjóra á eina deild vegna nokkurra barna sem höfðu hegðunar- og/eða málþroskavanda. Ráðinn var leikskólakennari í þá stöðu sem sinnti daglegri þjálfun en sérkennslustjóri leikskólans sá um ytra utanumhald.

Fjármagnið sem kom til leikskólans vegna ákveðinna barna var einnig nýtt til að senda 4 starfsmenn á námskeið um einhverfu og tvo starfsmenn á námskeið um Skipulögð vinnubrögð (Teacch) sem haldin voru af Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.

Þrjú starfsmenn sinna sérkennslu sérstaklega vegna þeirra barna sem hafa fengið úthlutun fjármagns þó allir starfsmenn deildanna séu virkjaðir.

Sérkennslustjóri fylgdist með stöðunni hjá 30 börnum í vetur, en af þeim hefur hann komið að fundum/vinnu með 26 börnum.

Vitað er að næsta vetur muni sérkennslustjóri koma að vinnu með a.m.k. 15 börnum og mun fylgjast með framvindu hjá a.m.k. 4 börnum til viðbótar.

- **Áætlun um málörvun og snemmtæka íhlutun í leikskólanum.**

Áætlun um málörvun og snemmtæka íhlutun í leikskólanum er ekki tilbúin þó grunnur að því sé til. Í markmiðum leikskólans er rík áhersla á almenna málörvun og kemur fram í handbók Klettaborgar hvernig hægt er að vinna með hvern þátt málsins. Jafnframt kemur fram hvert ferlið er þegar grunur vaknar um að íhlutunar sé þörf. Öll börn í elsta árgangi leikskólans fara í Hljóm-2 athugun og mæður allra barna í næst elsta árgangi fylla út Íslenska Þroskalistann. Sérkennslustjóri leikskólans var með málörvunarhópa haustið 2017 en frá áramótum sáu deildirnar um málörvun þeirra barna sem þurftu á inngripi að halda, vegna umfangs hjá sérkennslustjóra á ytra utanumhaldi og stuðningi inni á deildir vegna annarra mála. Haustið 2018 verður unnið í gerð áætlunar um málörvun og snemmtæka íhlutun, sem verður endurmetin vor/sumar 2019 og unnið í úrbótum haustið 2019.

Eftir áramót var sérstaklega úthlutað fjármagni til að vinna betur og markvissar með börn sem hafa annað móðurmál en íslensku – sjá nánar í kafla 5

- **Gerð einstaklingsnámskrár, hverjir koma að gerð hennar og hvernig er þær notaðar í starfinu?**

Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir öll börn leikskólans og eru markmið hvers vetrar gerð í samvinnu foreldra og deildarstjóra. Það sem fjallað er um hér fyrir neðan eru námskrár sem eru gerðar þegar þörf er á snemmtækri íhlutun.

Sérkennslustjóri, í samráði við deildarstjóra og foreldra hefur gert einstaklingsnámskrár þeirra barna sem fá sérkennslu/íhlutun. Einstaklingsnámskrár eru oftast gerðar út frá APES-matslista og er hann fylltur út á 6 mánaða fresti að lágmarki og ný einstaklingsnámskrá gerð út frá þeim niðurstöðum. Jafnframt er ávallt unnið út frá niðurstöðum sérfræðinga s.s. talmeinafræðinga og sjúkraþjálfara þegar þeir hafa haft aðkomu að barni.

Í einstaklingsnámskránni koma fram þau markmið sem unnið er með og hugmyndir að leiðum til að ná þeim markmiðum. Þegar námskráin er tilbúin fá foreldrar hana afhenta og farið er yfir þá þætti sem sérstök áhersla er lögð á. Námskráin er síðan kynnt öllum starfsmönnum deildarinnar á deildarfundi þannig að allir starfsmenn deildarinnar séu meðvitaðir um markmið námskrár hvers barns. Allir starfsmenn deildarinnar eru meðvitaðir um að hvaða markmiðum er unnið en einn starfsmaður deildarinnar sinnir mest innlög hjá barninu/börnunum samkvæmt einstaklingsnámskránni en deildarstjóri er ábyrgur fyrir vinnunni inni á deild og sérkennslustjóri hefur eftirfylgd og veitir leiðbeiningar.

Þegar barn þarf íhlutun en forsendur til að sækja um úthlutun fjármagns eru ekki til staðar eða úthlutun fjármagns hefur verið neitað er unnið eftir markmiðum einstaklingsnámskrárinnar og ákveður deildarstjóri hvernig sú vinna fer fram.

Þegar fjármagni er úthlutað vegna barns verður aukning á stöðugildum deildar barnsins sem nemur úthlutuninni, til að mæta þörfum barnanna. Haustið 2017 gekk erfiðlega að ráða inn starfsfólk í sérkennslu en full mannað var í þessar stöður frá 1. desember 2017.

- **Samstarf við foreldra/forráðamenn, teymisfundir og annar stuðningur til foreldra, fræðsla og ráðgjöf.**

Deildarstjórar og þeir starfsmenn sem sjá að mestu um íhlutun sjá um dagleg samskipti við foreldra/forráðamenn en foreldrum er ávallt velkomið að hafa samband við deildarstjóra/sérkennslustjóra/leikskólastjóra.

Þegar leikskólanum hefur verið úthlutað fjármagni vegna barns eru alltaf settir á teymisfundir, sem eru að jafnaði á 6 vikna fresti (4 – 8 vikur geta liðið á milli funda ef það er talið æskilegra). Oft eru einnig haldnir teymisfundir vegna þeirra barna sem sérfræðingar Miðgarðs koma að þó ekki sé ástæða til að sækja um fjármagnsúthlutun. Foreldrar geta ávallt haft beint samband við Miðgarð vilji þeir ræða við sérfræðinga þar um barn sitt en í flestum tilfellum hefur leikskólinn milligöngu.

Foreldrar allra barna leikskólans hafa ávallt aðgang að sérkennslustjóra, deildarstjórum og leikskólastjóra hafi þeir áhyggjur eða einhverjar spurningar varðandi barn sitt. Hafi foreldrar einhverjar áhyggjur af þroska og/eða líðan barna sinna er þeim boðið að koma á fund með deildarstjóra og sérkennslustjóra þar sem farið er yfir málin og ákveðið hver næstu skref eru. Haustið 2017 voru hegðunarráðgjafi og talmeinafræðingur frá Miðgarði fengnir til að halda fræðslu fyrir alla foreldra. Hegðunarráðgjafinn fjallaði um hvernig hægt væri að takast á við erfiða hegðun og talmeinafræðingurinn fjallaði um hvað foreldrar geta gert til að efla og styrkja málþroska barna sinna.

- **Samstaf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir**

Fastir samráðsfundir milli Klettaborgar og þjónustumiðstöðvarinnar Miðgarði eru á 6 vikna fresti yfir vetrartímamann. Á samráðsfundina mæta frá Klettaborg allir deildarstjórar og sérkennslustjóri. Frá Miðgarði koma sérkennsluráðgjafi og sálfræðingur á alla fundina og talmeinafræðingur og hegðunarráðgjafi koma eftir þörfum. Veturinn 2017 – '18 hafa allir þessir sérfræðingar komið á alla samráðsfundina. Þrem til fjórum dögum fyrir samráðsfund sendir sérkennslustjóri dagskrá fundarins til sérfræðinga Miðgarðs og tilgreinir einnig hvaða sérfræðingum leikskólinn óskar eftir að komi frá Miðgarði. Á samráðsfundunum er farið yfir stöðuna hjá þeim börnum sem hafa fengið íhlutun, þeim sem deildarstjórar hafa áhyggjur af eða þurfa ráðleggingar vegna.

Talmeinafræðingur frá Miðgarði kemur á leikskólann 1x í viku í um 2 klukkutíma í 6 vikur að hausti og 8 vikur eftir áramót. Á þessum tíma gerir talmeinafræðingurinn þau málþroskapróf sem leikskólinn hefur óskað eftir að gerð séu fyrir ákveðin börn. Einnig sinnir hann þeim börnum sem sveitarfélagi ber að sinna (þ.e. þau sem hafa fengið 80 – 84 í málþroskatölu), sinnir ráðgjöf inn á deildir og til foreldra eða annað það sem leikskólinn hefur óskað eftir.

Sérkennslustjóri og deildarstjórar eru í samstarfi með að halda utan um samskipti við aðrar stofnanir s.s. sjúkrahjálfa, iðjuþjálfara, heilsugæslu og Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. Þurfi heilsugæslan að láta vita um niðurstöður 2,5 ára skoðunar eða 4 ára skoðunar þá er hringt frá heilsugæslunni og yfirleitt óskað eftir deildarstjóra viðkomandi barns. Ef deildarstjóri er ekki við hefur verið rætt við sérkennslustjóra sem kemur upplýsingum til hans.

Sérkennslustjórar í Grafarvogi og á Kjalarnesi hittast reglulega í Miðgarði hjá sérkennsluráðgjafa Miðgarðs. Þessir fundir eru um 4 – 5 sinnum yfir vetrartímamann og standa í um einn og hálfan tíma í senn. Á þessum fundum er vettvangur fyrir sérkennslustjóra til að ræða mál sem viðkoma þessari stöðu en jafnframt fá sérkennslustjórar oft fræðslu á þessum fundum.

- **Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna, fræðsla, ráðgjöf og stuðningur.**

Góð samvinna er milli deildarstjóra og sérkennslustjóra. Sérkennslustjóri kemur reglulega inn á deildarstjórafundi þar sem rætt er um börn sem þurfa snemmtæka íhlutun eða málefni tengd þeim. Þess utan eru sérkennslustjóri og deildarstjórar í daglegum samskiptum og ræða strax saman þegar eitthvað kemur upp. Sérkennslustjóri kemur inn á deildarfundum þegar ræða þarf um barn sem þarf íhlutun, sérkennslustjóri fer yfir einstaklingsnámsskrár og leiðir að markmiðum á deildarfundum. Reglulega á sérkennslustjóri fund með þeim sem sjá um stuðning og fer yfir stöðuna, leiðbeinir með næstu skref, hvetur fólk áfram í sinni vinnu og bendir á það sem vel er gert. Sé þörf á fræðslu/ráðgjöf inn á leikskólann eða inn á ákveðnar deildir hafa sérkennslustjóri og leikskólastjóri samvinnu um að finna því heppilegan farveg.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Upplýsingar á vefsíðu leikskólans	Að upplýsa á vefsíðu leikskólans um hvað er gert ef grunur vaknar um þörf á íhlutun	Upplýsingar úr handbók um ferlið eru settar inn.	Ágúst 2018 og lokið des. 2018	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri færir upplýsingar inn eða starfsmenn Fálkakletts.	Að upplýsingar séu komnar á heimasíðu 30. sept. 2018
Áætlun um málörvun og sérkennslu	Að sett verði upp áætlun um málörvun og sérkennslu	Deildarstjóra, sérkennslustjóri og leikskólastjóri i geri áætlun um áherslur í málörvun og sérkennslu í leikskólanum	Haust 2018 verður farið af stað. Metið vor 2019. Umbætur gerðar haust 2019 og endurmetið 2020	Leikskólastjóri og sérkennslustjóri	Verklag, framkvæmd og skipulag metið af sérkennslustjóra og deildarstjórum vor 2019 og aftur vor 2020	Að skrifleg áætlun sé tilbúin fyrir áramót 2018. Að áætlunin nýtist á deildum og sé notuð.
Þróun í málum tvítyngdra barna	Að haldið sé áfram með markmiðasetningu í málum fjöltyngdra barna. Að fræðsla sé sett inn í starfsmannahópinn um leiðir í vinnu með fjöltyngdum börnum	Ráðgjafi kemur í 90 mínútur 2x í viku til að fræða, leiðbeina og kenna starfsfólki.	Sumar 2018 fram að áramótum 2019	Leikskólastjóri og sérkennslustjóri	Endurmat verður gert á vorönn 2019 í formi faglegs samtals deildarstjóra, sérkennslustjóra og leikskólastjóra.	Að unnið sé eftir settum markmiðum. Að kennslugögn sem bent er á séu nýtt. Að starfsmenn fái fræðslu.

## **5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.**

Leikskólinn Klettaborg fékk úthlutað rúmlega 1 milljón vegna tvítýngdra barna árið 2018. Það fjármagn var nýtt til að ráða ráðgjafa til að fræða allt starfsfólk leikskólans um vinnu með börn sem hafa íslensku sem annað mál. Ráðgjafinn aðstoðaði deildarstjóra og sérkennslustjóra til að meta hvar börnin stæðu í íslensku og við markmiðasetningu út frá þeim niðurstöðum. Til að meta stöðu barnanna var notað EFI-2 og markmiðssetning var gerð út frá APES-listanum. Aðstoðarleikskólastjóri var tengiliður fjölmenningar í leikskólanum þar til hún fór í leyfi í mars 2018. Sérkennslustjóri og leikskólastjóri hafa tekið við þessu hlutverki á meðan hún er í leyfi.

### **Hvernig er unnið með fjölmenningarlegt leikskólastarf?**

Í leikskólanum Klettaborg er ýtt undir að starfsfólk sækir sér fræðslu er varðar fjölmenningu og vinnu með börnum sem hafa annað móðurmál en íslensku. Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri hafa sótt þá fundi sem boðið hefur verið uppá á vegum borgarinnar og varða fjölmenningu og börn með annað móðurmál en íslensku.

Á hverri deild eru þjóðfánar allra þeirra landa sem börnin tengjast, þ.e. sem þau eða foreldrar þeirra koma frá og nafn landsins er einnig skrifað á því tungumáli.

Rík áhersla hefur verið á að kaupa bækur frá þeim löndum sem börn leikskólans tengjast eða sem gerast í þessum löndum.

Samstarf er við Borgarbókasafnið um að fá á leikskólann bækur frá ýmsum löndum.

Í samveru eða á öðrum vettvangi eru erlendir starfsmenn og börn (ef þau vilja) fengin til að segja eitthvað á þeim tungumálum sem þau tala (t.d. Góðan dag). Ef það er starfsmaður í húsi sem talar sama tungumál og barn með annað móðurmál en íslensku þá er hann fenginn til að tala jafnframt við barnið á því tungumáli.

Þegar námsgögn er keypt er passað uppá að kaupa einnig spil, púsl, dúkkur o.þ.h. sem sýna fólk af mismunandi kynþáttum eða sem sýna sérkenni annarra landa.

### **Hvernig er unnið með íslensku sem annað mál og virkt tvítýngi?**

Í leikskólanum er unnið með tvítýngdar samskiptabækur, sjónrænar vísbendingar og myndrænt skipulag. Ávallt er haft í huga að það sem nýtist börnum með annað mál en íslensku nýtist öllum börnum og því er gengið út frá að framsetning efnis sé þannig að það nýtist öllum það er t.d. gert með loðtöflusögum, söngbækur eru settar upp myndrænt og umræður um veðrið og klæðnað er sett upp myndrænt.

Í bókalestri er barnahópnum skipt í fámennari hópa þannig að allir geti séð myndirnar í bókunum og hafi tækifæri til að spyrja og svara spurningum. Sérkennslustjóri setur upp málörvunarhópa sem tvítýngd börn fara í. Frá vorönn 2018 er ríkari áhersla lögð á að sett sé í einstaklingsnámskrá áætlun um innlögn í máli fyrir hvert barn sem hefur íslensku sem annað mál. Að öðru leyti er unnið með alla þætti málsins svipað hjá fjöltýngdum börnum og börnum með íslensku sem móðurmál og þurfi barnánari útskýringar eða aðstoð sinnir starfsfólk því.

### **Hvernig er samskiptum við foreldra háttað?**

Túlkur er fenginn í foreldraviðtöl þannig að kennarar geti talað á íslensku og foreldrar skilji örugglega allt sem fram fer og geti svarað og spurt spurninga á sínu tungumáli. Í aðlögun hefur túlkur verið fenginn 1x á þeim 4 dögum sem aðlögunin fer fram til að auðvelda foreldrum að spyrja að því sem þau þurfa í aðlögunarferlinu.

Foreldrum með annað tungumál en íslensku hefur verið boðið að fá túlk á almenna foreldrafundi sem haldnir eru af leikskólanum eða fræðslufundi sem haldnir eru af leikskólanum. Misjafnt er hvort foreldrar telji að þeir þurfi á þessu að halda.

Foreldrar fá hljóðskrá til sín þegar vinna með árlega þjóðsögu hefst í leikskólanum, til þess að geta hlustað á söguna með barninu og heyrt hvernig þjóðsagan er á íslensku.

Nýtt eru þau tilkynningablöð sem hægt er að finna á vef Reykjavíkurborgar undir „Skilaboð frá leikskóla“. Foreldrum er jafnframt bent á þær vefsíður Reykjavíkurborgar sem gætu nýst þeim.

## **6 Aðrar áherslur leikskólans**

Veturinn 2018-2019 verða fyrstu skrefin í nýju verkefni tekin „vinátta“. Þetta er verkefni og námsgögn sem Barnaheill gefur út og er fyrir eldri börnin í leikskólanum. Í haust er væntanlegt sambærilegt efni fyrir yngri börnin. Einnig verður haldið áfram með „Heilsuefling leikskóla“, sem kemur frá Embætti landlæknis og Reykjavíkurborg hefur hvatt leikskóla til að taka það inn í sitt starf. Innleiðing á þessu verkefni tekur einhvern tíma (líklega um 3-5 ár). Fyrsti veturinn fór í að fræða starfsmenn. Ekki náðist að vinna með þetta verkefni eins og fyrirhugað var og því heldur það áfram.

Leikskólinn fer í samstarfsverkefni við Myndlistaskóla Reykjavíkur veturinn 2018-2019. Elstu börnin verða beinir þátttakendur í þessu verkefni og allir starfsmenn fá fræðslu og upplifun um skapandi starf sem nýtist í starfið með öllum börnunum.

Rýnt verður í dagskipulagið út frá þeim breytingum sem gerðar voru s.l. vetur, ásamt því að ákveðin verkefni frá síðustu starfsáætlun halda áfram í starfinu og verða betur sýnileg. Einnig eru mörg verkefni komin til að vera og halda þau áfram. Auk þess hafa ný verkefni verið að þróast inn í leikskólastarfið.

Markmið með þessum verkefnum er m.a. að gera leikskólastarfið sýnilegra, tryggja ákveðna þætti í skólanámskrá, hafa gleði í starfinu með börnunum, sjá tækifærin í hverjum degi fyrir sig og að allt starfsfólk sé meðvitað um hlutverk sitt gagnvart þroska og námi barna.

Leiðirnar eru fjölbreyttar og þróast út frá verkefnum.

Ábyrgðin hvílir á öllum stjórnendum leikskólans sem og öðrum starfsmönnum. Ekki eru öll verkefnin sem talin eru upp hér að neðan sett í matsáætlun, en vísað er í kaflann Fylgigögn þar er tafla með verkefnum í matsáætlun.

Mörg verkefni hafa öðlast fastan sess í leikskólastarfinu og halda því áfram næsta vetur, má þar nefna t.d.:

- **Haustverkefni**, yngri deildir vinna saman og eldri deildir vinna saman.
- **Þjóðsagan** er eftir áramót á öllum deildum.
- **Litamánuður** sem var áður litavika.
- **Sérstakir dagar** (blómaball, sólgleraugnadagur, rugldagur.....).
- **Íþróttahátíð** (eftir 17. júní).

- **Elstu börnin gróðursetja „eigið tré“** Í lok maí gróðursetja elstu börnin hvert sitt tré í garðinum. Það er táknrænt til að skilja eftir sig varanlegt spor í leikskólanum, sem getur vaxið og dafnað þó þau séu komin á annan vettvang.
- **Áherslur í samfélaginu** tengdar í leikskólastarfið (dagur ísl. tungu, dagur ísl. náttúru, góðverkavika/dagur, bangsavika/dagur, barnamenningarhátíð, lestrahátíð....).
- **Ferilmappa fyrir hvert barn**, haldið verður áfram að setja inn verkefni í möppuna, kynna hana fyrir foreldrum, gera leikskólastarfið sýnilegra og skapa varanlegar minningar fyrir barnið um leikskólaveru sína.
- **Mat – sýn barna**, sjá umbótaáætlun deilda.
- **Þekkingarheimsóknir**, farið verður í þekkingarheimsóknir í aðra leikskóla t.d. v/dagskipulagsins og heilsueflingu leikskóla. Deildarstjórar eru ábyrgir fyrir því að skipuleggja þessar heimsóknir
- **Samvinna/hjálpsemi barna**, lífsleikni, samkennd, virðing, umhyggja og tillitssemi eru gerð skil í skólanámskrá Klettaborgar. Til að vinna að þessum þáttum enn frekar með börnunum þá verður lögð áhersla á að eldri börn verði virkari í að „aðstoða“ yngri börn við ýmsar athafnir og sýni þannig umhyggju og hjálpsemi. Má þar nefna að fylgja yngri börnum úr Glym (vinastund á föstudögum) inn á sína deild, aðstoða við að klæða yngri börn úr útifötum þegar þau kom inn og koma í leiktíma inn á yngri deildir. Allir starfsmenn skipuleggja þetta.
- **Vogin – samstarfsverkefni skóla og frístundar í Grafarvogi**, stjórnendur stofnanna hafa fundað reglulega og rætt um sameiginleg verkefni. Þetta verkefni heldur áfram.

## 7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl eru áætluð að vera tvískipt þ.e. að hausti (sept-okt) þar sem starfsmaður greinir frá áherslum sínum í tengslum við starfsáætlun og umræðu um símenntun og að vori (mars) þar sem farið er yfir veturinn s.s. líðan, árangur og hvert stefnir á næsta vetri.

S.l. vetur var eitt starfsþróunarviðtal við hvern starfsmann í mars.

Símenntun frá síðasta ári:

- Book Creator – sérkennslustjóri.
- Qlik Sense – leikskólastjóri.
- Persónuverndarlög – leikskólastjóri.
- Andleg líðan og verkir – aðst.leikskólastjóri.
- Skipulögð kennsla TEACCH – kennari og leikskólaliði.
- Fagmennska leikskólakennara, ógnanir/tækifæri – 2 deildarstjórar.
- Educationshow í Birmingham – deildarstjóri.
- Listin að skapa námstækifæri – kennari.
- Millimenningarfræðsla – leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri.
- Mál og læsi fjöltyngdra leikskólabarna – 2 deildarstjórar og sérkennslustjóri.
- Námsstefna um Vináttuverkefni Barnaheilla – deildarstjóri.
- Íslenska fyrir erlenda starfsmenn 2x 60 stundir – kennari.
- Mega strákar gráta og stelpur slást – allir starfsmenn.
- Gott er að borða gulrótina...mikilvægi næringar í leikskóla – allir starfsmenn.



- Transbörn og jafnrétti – allir starfsmenn.
- Innra mat – deildarstjóri og leikskólastjóri.
- Markaðsmál samfélagsmiðla – leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
- Málþing um nýjungar í starfi með fólki, áhrifabættir í faglegu starfi – sérkennslustjóri.
- Að vera hér og nú (um streitu) – leikskólastjóri.
- Röskun á einhverfurófi 1 – 2 deildarstjórar, kennari og leikskólaliði.
- Er þetta ekki bara frekja – aðstoðarleikskólastjóri.
- Við fáum að ráða nema þegar kennararnir fá að ráða – 2 deildarstjórar og kennari.
- Börnin okkar, ráðstefna um geðheilbrigði – deildarstjóri.
- Nýliðafræðsla MML – 6 leiðbeinendur.
- Markviss og uppbyggileg endurgjöf – aðstoðarleikskólastjóri.
- Börn flóttafólks í leikskólum Reykjavíkur – aðstoðarleikskólastjóri.
- Vinnustofa um heilsuefandi stjórnun – leikskólastjóri og aðst.leikskólastjóri.
- Heilsuefandi leikskóli, málþing – aðstoðarleikskólastjóri.
- Vináttuverkefni Barnaheilla – aðst.leik.sk.stjóri, deildarstjóri, sérkennslustjóri, 4 kennarar og 1 leikskólaliði
- Lubbi í leikskólastarfi – deildarstjóri og kennari.
- Leikskólaliðanám – einn leiðbeinandi lauk námi og annar byrjaði eftir áramótin.

Í haust þegar ýmis námsframboð verða augljósari, þá kemur betur í ljós hvaða fræðsla kemur til starfsmanna. Fyrirhugað er að allir starfsmenn sækji fræðslu sem tengist áherslum í starfi sem og sínu áhugasviði. Aðaláherslan verður á fræðslu sem tengist umbótaáætlun, sérstökum verkefnum s.s. Vináttu og Heilsueflingu.

## **8 Foreldrasamvinna**

Foreldraráð er kosið á foreldrafundi að hausti í september/október. Í ráðinu eru 3 fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Foreldraráð fundar, fer yfir hlutverk sitt og starfsáætlun, er á vettvangi/ræðir við starfsmenn og fylgist með starfinu (eftir aðstæðum hverju sinni), gefur umsögn um starfið og starfsáætlunina.

Foreldrafundir eru í september/október. Fundirnir eru að morgni kl. 8.30-9.30 og eru tvær deildir saman á fundi. Einnig er foreldrafundur með foreldrum elstu barnanna í janúar. Það er samstarfsverkefni grunnskólans (Hamraskóli) og leikskólans. Sá fundur er haldinn í grunnskólanum. Frístund er boðið að vera á þeim fundi.

Foreldraviðtöl eru að hausti og eftir áramót. Deildarstjóri/leikskólakennari sjá um viðtölin.

Foreldrafélag er starfandi. Tilgangur þess er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Foreldrafélagið gefur út fréttabréf þar sem starfsemin er kynnt. Kosið er í foreldrafélag á haustfundi foreldra í leikskólanum. Einn tengiliður er í foreldrafélaginu frá leikskólanum.



## 9 Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarf er við grunnskóla hverfisins þ.e. Hamraskóla. Samstarfið byrjaði formlega 1999 og hefur verið í stöðugri þróun. Mörg og fjölbreytt samstarfsverkefni ásamt heimsóknum eru hjá skólunum. Leikskólakennarar og grunnskólakennarar hittast að hausti og gera samstarfsáætlun fyrir árið. Sjá dagsett yfirlit v/sl. ár í Fylgigögnum. Það samstarfi gekk samkvæmt áætlun. Í haust verður sami háttur á þ.e. gerð áætlun fyrir árið '18-'19.

Skil upplýsinga um börnin frá leikskólanum til Hamraskóla (og annarra skóla) hafa verið sett í skipulagt verklag.

Upplýsingafundur er með foreldrum og fulltrúa nýja skólans, þar sem farið er yfir stöðu barnsins. Fulltrúi frá Frístund í Hamraskóla er einnig með á fundunum. Áður hefur leikskólakennari sett á blað upplýsingar og sent til foreldra ásamt kynningar- og fundarboði. Barnið svarar spurningum hjá leikskólakennara um væntingar til skólans og gefur upplýsingar til grunnskólans – ef það vill – um sína eiginleika. Þetta blað fær fulltrúi grunnskólans ásamt áður nefndum upplýsingum sem settar eru fram á fundinum. Einnig er afhent niðurstaða úr Hljóm.

## 10 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar	Foreldrafundir Foreldraviðtöl	Foreldrakaffi Opið hús Afa og ömmu kaffi
22. ágúst '18 – eftir hádegi	<u>26. sept.</u> fundur foreldra barna á Hrafna- og	24. okt. – afa og ömmu kaffi kl.15.15
17. okt. '18* – allan daginn	Kríukletti kl. 8,30-9,30	6. feb. – foreldrar í morgunmat v/dagur leikskólans
30. nóv. 18 – allan daginn	<u>27. sept.</u> fundur foreldra barna á Fálka- og	8. maí - opið hús síðdegis
10. jan. '19 – eftir hádegi	Arnarkletti kl. 8,30-9,30	28. maí – áfangalgeði - elstu börnin
11. jan. '19 – allan daginn	<u>17. jan.</u> fundur foreldra elstu barnanna í	
18. mars '19* – allan daginn	samstarfi við Hamraskóla og Frístund – fyrirvari settur við dagsetningu.	
24. maí '19* – allan daginn	Foreldraviðtöl eru í október og jan.-mars.	

\*Þessir dagar eru sameiginlegir í flestum leik- og grunnskólum Grafarvogs.

Dagsetningar eru með fyrirvara um breytingu – allir viðburðir eru auglýstir nánar með tímasetningu. Þegar skipulagsdagur er eftir hádegi, þarf að sækja börnin kl. 12.00

### Fundir starfsmanna:

Deildarstjórafundir eru á mánudögum kl. 8.45-9.30


Deildarfundir eru tvisvar í mánuði fyrir hverja deild á föstudögum kl. 10.00-10.45.

Starfsmannafundir utan vinnutíma kl. 17.00-18.45: einn að hausti og einn að vori – tímasetning ákveðin síðar.

Í Fylgigögnum er dagatal foreldra þar sem ýmsir viðburðir eru út frá starfi með börnunum.

## 11 Fylgigögn - matsgögn

### Ytra mat – samantekt, litakóðað



## Leikskólinn Klettaborg

Menntamálastofnun gerði ytra mat í leikskólanum Klettaborg í febrúar 2018. Skýrsla um matið, þar sem fram koma styrkleikar og tækifæri til umbóta kom út í maí 2018 og er á heimasíðu leikskólans.

Niðurstöður í heild eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

A > 3,6 – 4 = **Grænt** – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 - 3,5 = **Ljósgrænt** – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = **Gult** – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = **Rautt** – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

# Leikskólinn Klettaborg

Ytra mat – Menntamálastofnun – umbætur – júní 2018

Matsþáttur Tækifæri til umbóta samkv. skýrslu	Tillögur sveitarfélags og skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið
<b>Leikskólinn og umhverfi hans</b>					
<u>Starfsmenn</u> Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hluta stöðugildi við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.	Auglýst eftir leikskólakennurum á hverju ári.	Leikskólastjóri.	Alltaf í gangi.	Viðvarand í verkefni.	Umsóknir sem koma út frá auglýsingum metnar.
<u>Húsnæði</u> Huga að aðstöðu fyrir börn til að vera í ró og næði. Leita áfram leiða til að bæta vinnuáætlaður barna og starfsmanna. Skoða hvort ástæða sé til að fækka börnum.	Fækka börnum og þannig auka rými fyrir hvert barn. Erindi sent til SFS með tillögum um barnafjölda í húsinu og á deildum.	Leikskólastjóri.	Haust '18	Sumar '19	Umræðumat við SFS.
<u>Húsnæði</u> Huga þarf að endurbótum og viðhaldi á húsi og lóð.	Árlega er sent erindi til Hverfismiðstöðvar með ósk um úttekt og áætlun til lengri tíma. Heilbrigðiseftirlit hefur gert athugasemdir við lóð og húsnæði.	Leikskólastjóri.	Haust '18	Sumar '19	Sýnileiki í viðhaldsáætlun/ fjárhagsáætlun frá SFS.

Matsþáttur Tækifæri til umbóta samkv. skýrslu	Tillögur sveitarfélags og skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið
<b>Stjórnun</b>					
<u>Námskrá og áætlanir</u> Í skólanámskrá má gera betur grein fyrir skipulagi skólaláttáttu, hvernig unnið er með hæfnipætti í samræmi við aldur og þroska barna og tilgreina hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flýst á milli leik- og grunnskóla.	Verður sett í endurmat á skólanámskrá. Fer í upplýsinga handbók foreldra og á heimasíðu.	Leikskólastjóri og aðrir stjórnendur.	Vetur '18-'19	Vor – sumar '19	Fer í upplýsinga-handbók sem nýir foreldrar fá við upphaf leikskólaveru barnsins og á heimasíðu.
<u>Námskrá og áætlanir</u> Vinna áfallaáætlun og setja saman áfallateymi.	Er í handbók leikskólans. Yfirfara orðalag m.t.t. að upplýsingar séu á einum stað og skýrt áfallateymi. Fer í umbótaáætlun í starfsáætlun '18-'19	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskól astjóri.	Janúar '19	Sumar '19	Fer í handbók leikskólans.
<u>Stjórnun og starfsmenn</u> Skrá viðbrögð við ágreiningi í starfsmannahópnum.	Farið er eftir verklagsreglum SFS. Leitað til mannaútsdeildar SFS.	Leikskólastjóri.	Janúar – mars '19	Sumar '19	Fer í handbók leikskólans og móttökuáætlun nýliða.
<u>Fagleg forysta</u> Setja fram simeinntunaráætlun í samræmi við stefnu og þarfir leikskólans.	Verður sett skýrar fram í starfsáætlun, út frá áherslum og óskum starfsmanna.	Leikskólastjóri.	Haust '18	Október '18	Birting í starfsáætlun.
<u>Fagleg forysta</u> Stjórnendur hugi að því að fylgjast markvisst með námi og starfi í leikskólanum í þeim tilgangi að gefa starfsfólki endurgjöf.	Stjórnendur sækja fræðslu um endurgjöf og hugi sérstaklega að endurgjöf á fundum og samráðsviðtölum.	Allir stjórnendur leikskólans.	Haustið '18	Vor '19	Könnun til starfsmanna.

Matsþáttur Tækifæri til umbóta samkv. skýrslu	Tillögur sveitarfélags og skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>					
<u>Námsaðstæður</u> Takmarkað svigrúm innandyra er til að mæta hreyfipörf barna í leik.	Sama og að ofan sjá „húsnæði“ þ.e. óskað eftir fækkun barna.				
<u>Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna</u> Vinna að því að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og verkefnaval.	Tryggja að öll börn taki þátt í vali á verkefnum og viðfangsefnum deilda a.m.k. 2x á ári. Fer í umbótaáætlun í starfsáætlun '18-'19	Deildarstjórar.	Haust '18	Maí '19	Með skráning og umræðumati er hægt að sýna fram á að sjónarmið barna eru virt.
<u>Námssvið</u> Auka búnað og tækni til vísindastarfa og gera vísindum herra undir höfði í starfi leikskólans.	Setja vísindi skipulega inni almennt deildarstarf og tengja við námsgögn sem til eru.	Deildarstjórar.	Haust '18	Maí '19	Skráningar og umræðumat á deildarfundum.
<u>Velferð og líðan barna</u> Vinna áfram að því að gera reglur myndrænar á öllum deildum og huga að því að börnin séu þátttakendur í að móta reglur leikskólans þegar við á.	Verkefni í vinnslu á öllum deildum.	Deildarstjórar.	Haust '18	Maí '19	Samræðumat á fundum.
<u>Mat á námi og velferð barna</u> Gefa börnunum tækifæri á að setja sér markmið í einstaklingsáætlun.	Börn í þremur elstu árgöngum setji sér markmið fyrir veturinn. Samvinna við foreldra í haustviðtali um barnið. Fer í umbótaáætlun í starfsáætlun '18-'19	Deildarstjórar, leikskólastjóri.	Október – nóvember '18	Janúar – febrúar '19	Með skráningu er sýnt fram á að matið sé einstaklingsmiðað og unnið í samstarfi við foreldra.

<b>Matsþáttur</b> Tækifæri til umbóta samkv. skýrslu	<b>Tillögur sveitarfélags og skóla að umbótum</b>	<b>Ábyrgðaraðili</b>	<b>Hvenær hefst</b>	<b>Hvenær lokið</b>	<b>Hvernig metið</b>
<b>Foreldrasamvinna og ytri tengsl</b>					
<b><u>Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun</u></b> Áfram ætti að leita leiða til að hvetja foreldra til þátttöku í foreldraráði svo unnt sé að velja fulltrúa með lýðræðislegum hætti.	Í fundarboði á foreldrafundi að hausti, verða foreldrar hvattir til að gefa kost á sér í foreldraráðið.	Leikskólastjóri.	Haust '18	Metið á hverju ári.	Á sameiginlegum foreldrafundi.
<b><u>Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun</u></b> Gera fundargerðir foreldraráðs aðgengilegar foreldrum, svo sem á heimasíðu.	Foreldraráð skrái fundargerðir og sendi til leikskólastjóra, sem birtir þær á heimasíðu og sendi til foreldra í tölvupósti.	Foreldraráð, leikskólastjóri, deildarstjórar.	Haust '18	Viðvarandi verkefni.	Birting á heimasíðu. Sent í tölvupósti.
<b><u>Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun</u></b> Hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.	Tengill frá SFS á heimasíðu leikskólans með almennum upplýsingum á mörgum tungumálum.	Leikskólastjóri.	Sumar '18	Desember '18	Birting á heimasíðu.
<b>Skóli án aðgreiningar</b>					
<b><u>Skólabjónusta og sérkennsla</u></b> Gera skráð verlag um viðbrögð ef grunur vaknar um frávik hjá barni aðgengilegt á heimasíðu.	Þetta er í handbók leikskólans. Verður endurskoðað og birt á heimasíðu leikskólans.	Sérkennslustjóri og Leikskólastjóri.	Nóvember '18	Janúar '19	Birting á heimasíðu.

<b>Matsþáttur</b> Tækifæri til umbóta samkv. skýrslu	<b>Tillögur sveitarfélags og skóla að umbótum</b>	<b>Ábyrgðaraðili</b>	<b>Hvenær hefst</b>	<b>Hvenær lokið</b>	<b>Hvernig metið</b>
<b>Innra mat</b>					
<b><u>Skipulag og viðfangsefni</u></b> Matsáætlun til lengri tíma mætti vera skýrari þannig að ljóst væri hvaða þættir starfsins eru metnir á hverju ári fyrir sig og hvort verið sé að meta alla þætti starfsins. Meta markmið skólanámskrár markvisst. Tilgreina viðmið um gæði og árangur í innra mati.	Matsáætlun sem er til 5 ára í leikskólanum, verður endurskoðuð og uppfærð m.t.t. allra þátta í námskrá. Styðjast við bæklinginn „Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs“. Fer í umbótaáætlun í starfsáætlun '18-'19	Allir stjórnendur og matsteymi.	Nóvember '18	Símat er yfir allan veturinn. Sumar '19	Umræðumat, gátlistar. Metið á fundum með öllum starfsmönnum og á fundum með stjórnendum.
<b><u>Gagnaöflun og vinnubrögð</u></b> Gefa foreldrum tækifæri til að hafa aðkomu að því að ákveða áherslur í innra mati, t.d. með fulltrúa í matsteymi.	Tengja foreldraráðið betur við mat á áherslum í starfsáætluninni, með því að bjóða þeim á fundi með matsteyminu.	Matsteymi, leikskólastjóri.	Haust '18	Sumar '19	Samræðumat með foreldraráði og matsteymi.
<b><u>Gagnaöflun og vinnubrögð</u></b> Hrinda áformum um þátttöku barna í innra mati í framkvæmd.	Verkefni í þróun. Nýta „demanta“ aðferð með tveimur elstu árgöngum og skoða valið. Fer í umbótaáætlun í starfsáætlun '18-'19	Deildarstjórar, leikskólastjóri.	Janúar '19	Sumar '19	Þessi aðferð er nýtt til að fá sjónarmið barna. Skráning á þeirra mat um viðfangsefni í vali.
<b><u>Opinber birting og umbætur</u></b> Taka saman helstu styrkleika sem fram koma í innra mati í greinargerð um innra mat.	Setja inni starfsáætlun.	Leikskólastjóri og aðrir stjórnendur	Sumar '18	Október '18	Birtist í starfsáætlun á heimasíðu leikskólans.

## Matsáætlun 2018-2019

U-YM = umbætur v/yttra mat.

F = fastir liðir í árlegu mati leikskólans.

U = matsþættir vegna umbótaáætlun 2018-2019.

Á = matsþættir vegna áherslur í starfi leikskólans 2018-2019.

Tími	Matsþáttur	Gögn	Hverjir meta	Ábyrgð	ATH
Allur veturinn	Dagskipulagið á deildum og ýmis (föst) verkefni	Umræðumat á deildarfundum	Deildarstarfsmenn	Deildarstjóri	F
Ágúst – sept.	Hljóðkerfisvitund elstu börn	Gátlisti	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	F
Sept. - okt.	Sjálfmynd og félagsfærni	Gátlisti	Deildarstjórar	Deildarstjórar	F
Okt. – nóv.	Fræðslustarfsmappa v/haustverkefni	Skráningar	Deildarstjórar	Aðst.leik.stj.	F
Desember	Pulur	Skráning	Deildir Hk. og Kk.	Deildarstjóri	U
Desember	Gönguferðir/útikennsla	Skráning	Deildir Hk. og Kk.	Deildarstjóri	U
Desember	Mat barna	Myndaspjöld	Deildir Hk. og Kk.	Deildarstjóri	U
Desember	Uppl. á heimasíðu	Birting	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	U
Desember	Útikennsla	Skráning og umræður	Deildir Fk. og Ak.	Deildarstjórar	U
Desember	Læsi	Skráning og umræður	Deildir Fk. og Ak.	Deildarstjórar	U
Desember	Sýn/mat barna	Skráning og umræður	Deildir Fk. og Ak.	Deildarstjórar	U
Desember	Ferilmappa	Stöðumat, skráning	Deild Fk.	Deildarstjóri	U
Desember	Reglur	Skráning og umræður	Deild Ak.	Deildarstjóri	U
Janúar	Vínáttuverkefni	Stöðumat og umræður	Deildir	Deildarstjórar	Á
Janúar	Heilsuefling	Stöðumat	Teymi	Leikskólastjóri	Á
Janúar	Jákvæð og glaðleg samskipti	Skráning	Allir starfsmenn	Matsteymi Deildarstjórar	U
Janúar	Heimsóknardagar	Skráning	Deildir Hk. og Kk.	Deildarstjórar	U
Janúar	Einstaklingsnámskrá	Gögn í for.viðtali	Deildir Hk og Kk	Deildarstjórar	U
Janúar	Vettvangsferðir/útinám	Skráningar	Starfsm. Fk. og Ak.	Deildarstjóri	U
Janúar	Þróun í málum tvítýngdra barna	Sjá umbótaáætlun	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	U
Janúar	Áfallaáætlun/teymi	Umræðumat	Leikskólastjóri	Leikskólastjóri	U-YM
Janúar	Lýðræði, þátttaka barna	Skráningar, umræðumat	Allir starfsmenn	Deildarstjórar	U-YM
Janúar	Einstaklingsáætlun	Stöðumat	Deildarstjórar	Leikskólastjóri	U-YM
Janúar	Matsáætlun	Stöðumat	Matsteymi	Leikskólastjóri	U-YM
Jan. – febr.	Ferilmappa barnsins	Gátlisti og gögn	Allir starfsmenn	Deildarstjórar	Á
Jan. – feb.	Hljóðkerfisvitund elstu börn	Gátlisti	Aðst.leik.stj.	Sérkennslustjóri	F
Mars – apríl	Þjóðsagan	Stöðumat	Allir starfsmenn	Aðst.leik.stj.	F
Mars - apríl	Fræðslustarfsmappa v/þjóðsaga	Skráningar	Deildarstjórar	Aðst.leik.stj.	F
Mái	Þekkingarheimsóknir	Skráningar	Deildarstjórar	Deildarstjórar	Á
Mái	Þróun í málum tvítýngdra barna	Sjá umbótaáætlun	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	U
Mái	Áætlun um málörvun og sérkennslu	Sjá umbótaáætlun	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	U
Mái	Heimsóknardagar	Skráning	Deildir Hk. og Kk.	Deildarstjórar	U
Mái	Pulur	Skráning	Deildir Hk. og Kk.	Deildarstjóri	U
Mái	Útikennsla	Skráning og umræður	Deildir Fk. og Ak.	Deildarstjórar	U
Mái	Læsi	Skráning og umræður	Deildir Fk. og Ak.	Deildarstjórar	U
Mái	Sýn/mat barna	Skráning og umræður	Deildir Fk. og Ak.	Deildarstjórar	U
Mái	Ferilmappa	Stöðumat, skráning	Deild Fk.	Deildarstjóri	U
Mái	Reglur	Skráning og umræður	Deild Ak.	Deildarstjóri	U
Mái	Áfallaáætlun/teymi	Umræðumat	Leikskólastjóri	Leikskólastjóri	U-YM
Mái	Lýðræði, þátttaka barna	Skráningar, umræðumat	Allir starfsmenn	Deildarstjórar	U-YM
Mái	Einstaklingsáætlun	Stöðumat	Deildarstjórar	Leikskólastjóri	U-YM
Mái	Vínáttuverkefni	Stöðumat og umræður	Deildir	Deildarstjórar	Á
Mái	Heilsuefling	Stöðumat	Teymi	Leikskólastjóri	Á
Mái	Matsáætlun	Stöðumat	Matsteymi	Leikskólastjóri	U-YM

## Matsáætlun Klettaborgar til 5 ára

Matsþáttur	1x ári	2 ára fresti	3 ára fresti	4 ára fresti	5 ára fresti
Þáttur úr skólanámskrá, valinn af starfsfólki	X				
Sérstakar handbækur		X			
Aðlögun barna			X		
Samskipti og líðan starfsfólks				X	
Skólanámskrá					X
Þjóðsaga	X				
Foreldrakönnun		X			
Móttaka/kveðjustund (ECERS)			X		
Samskipti barna				X	
Aðalnámskrá					X
Starfsmannahandbók, uppfærsla	X				
Samskipti kennara og barna		X			
Dagskipulag			X		
Þáttur úr ECERS kvarða		X			
Annað, ýmislegt sem gögn verða til um – eftir aðstæðum					

## Dagatal foreldra 2018-2019

<i>Ágúst -September</i>	<i>Október</i>	<i>Nóvember</i>	<i>Desember</i>
<p><b>Grænn mánuður - september</b>  <b>22. ágúst – skipulagsdagur eftir hádegi</b> frá kl. 12.00  <b>16. sept.</b> Dagur ísl. náttúru  <b>22. sept.</b> Jafndægur að hausti  <b>Foreldrafundur</b>                      verða að morgni kl. 8.30-9.30  <b>26. sept.</b> fyrir foreldra barna á Hrafna- og Kríukletti  <b>27. sept.</b> fyrir foreldra barna á Fálka- og Arnarkletti  <b>28. sept.</b> Höfuðfatadagur</p>	<p><b>Bleikur mánuður</b>  <b>12. október</b>                      Bleikur dagur  <b>17. október – skipulagsdagur</b>  <b>allan daginn</b>  <b>24. okt.</b> Ömmu og afa kaffi, síðdegis kl. 15,15-16,30  <b>26. október</b>                      Náttfataball                      v/bangsadagur og                      1. vetrardagur v/27.okt.</p> <p><b>Foreldraviðtöl í október</b>                      Deildarstjórar kynna það.</p>	<p><b>Brúnn mánuður</b>  <b>16. nóvember</b>                      Bókadagur v/dagur ísl. tungu  <b>29. nóv.</b>                      fyrir hádegi v/1.des. hátíð  <b>30. nóvember – skipulagsdagur allan daginn</b></p>	<p><b>Rauður mánuður</b>  <b>Jóladagskrá</b> allan desember                      Dagskrá verður send heim þar sem tilgreindir eru ýmsir viðburðir og fræðsluáherslur t.d. jólaball m/gesti, bókasafnsferð/kirkjuferð, ferð í Gufunesbæ ath. það fara ekki öll börn í bókasafn/kirkjuferð og Gufunesbæ  <b>7. desember</b>                      Jólaveinahúfu- dagur  <b>21. des.</b> vetrarsólstöður</p>

<i>Janúar</i>	<i>Febrúar</i>	<i>Mars - apríl</i>	<i>Mái</i>	<i>Júní</i>
<p><b>Hvítur mánuður</b>  <b>4. janúar</b>                      Þrettándaball v/jólin kvöð  <b>10. + 11. janúar – skipulagsdagur eftir hádegi og allan daginn</b>  <b>18.</b> Vasaljósadagur  <b>17. janúar</b>                      Foreldraf. m/ for. elstu barnanna – dags. með fyrirvara v/samstarf við Hamraskóla  <b>14.-25. janúar</b>                      Hrafnaklettur og Kríuklettur foreldraviðtöl  <b>Þorrinn byrjar</b> – smakk af þorramat</p>	<p><b>Svartur mánuður</b>  <b>28.jan-8. febr.</b>                      Fálkaklettur og Arnarklettur                      Foreldraviðtöl  <b>6. febr.</b> Foreldrar í morgunmat                      v/Dagur leikskólans  <b>4.-8. febr.</b>                      Tannverndarvika</p>	<p><b>Blár mánuður – mars</b>  <b>4. mars</b>-bollud.  <b>5. mars</b>-sprengid.  <b>6. mars</b>-öskudagur                      Furðufataball  <b>15. mars</b> Rugl dagur  <b>18. mars – skipulagsdagur allan daginn</b>  <b>20. mars</b>                      Jafndægur að vori  <b>21. mars</b>                      Dagur fjölbreytileikans  <b>Gulur mánuður - apríl</b>  <b>6. apríl</b> Blár dagur – dagur einhverfu  <b>24. apríl</b> Blómaball v/ sumardagurinn fyrsti  <b>9.-14. apríl</b>                      Barnamenningarhátíð</p>	<p><b>Fjólublár mánuður</b>  <b>8. maí</b>                      Opið hús fyrir gesti og gangandi síðdegis, verður auglýst sérstaklega  <b>13. maí</b>                      Mæðradagur  <b>17. maí</b>                      Sólgleraugnadagur  <b>24. maí – skipulagsdagur allan daginn</b>  <b>28. maí</b>                      Elstu börnin – áfangagleði                      Samverustund með börnum og fjölskyldum þeirra</p>	<p><b>Appelsínugulur mánuður</b>  <b>1. júní</b>                      Afmæli Klettaborgar 29 ára  <b>2. júní</b>                      Sjómannadagur  <b>11.-15. júní</b>                      Bæjarferð                      v/17. júní-fræðsla fyrir eldri börnin  <b>18.-22. júní</b>                      Íþróttahátíð, á góðum degi  <b>21. júní</b>                      Sumarsólstöður  <b>24. júní</b>                      Jónsmessa</p>

**Litamánuðir** – síðasta föstudag mánaðar, er skemmtilegt að allir sem geta, verði klæddir á einhvern hátt í samræmi við litinn.

### Fræðslustarf – áherslur deilda

<b>Hrafnaklettur og Kríuklettur</b>	<b>Fálkaklettur og Arnarklettur</b>	<b>Annað</b>
<p>Lögð er áhersla á að vera í hóp. Börnin eru að æfa sig að vera saman. Í vinnustundum eru börnin til skiptis í ýmsum verkefnum inni og úti. Á Kríukletti er áhersla á könnunarleikinn og á Hrafnakletti er áhersla á einingakubbana. Í samverustundum er áhersla á söng og lestur. Unnið er með þulu í hverjum mánuði.</p> <p>Kríuklettur og Hrafnaklettur vinna saman með ýmiss verkefni t.d. gönguferðir.</p>	<p>Um haustið er byrjað á að vinna með hópefli, vináttu, samskipti og hjálpssemi. Einnig er unnið með þulu í hverjum mánuði. Veðurfræðingur á báðum deildum. Könnunaraðferðin er leiðandi í vinnu með börnunum og áhugasvið barnanna látið ráða ferðinni. Gönguferðir.</p> <p><b>Elstu börnin</b>                      (sem eru á síðasta ári í leikskólanum)</p> <p>Um haustið er byrjað að vinna með hópefli, vináttu og samskipti. Í nóvember verður byrjað á “borgarverkefni” sem unnið verður með til vors. Byrjað verður á því að skoða okkar hverfi og búsetu og í lokin er tengd saman umfjöllun um ýmsa þætti í borgarsamfélagi. Inní þetta fléttast verkefni með talnagildi, verkefni tengd hljóðgreiningu o.fl.. Inní elstu barna starfið fléttast áhersla leikskólans eftir áramót þ.e. þjóðsaga.</p>	<p>Allar deildir vinna með árstíðirnar. Um vorið er umferðarfræðsla. Þorrablot er á Þorranum. Barnamenningarhátíð í Reykjavík. Skemmtiferð elstu barnanna er í maí/júní Sveitaferð í samstarfi við foreldrafélagið, annað hvert ár.</p> <p><b>Foreldraráð Klettaborgar</b>  <b>Foreldrafélag Klettaborgar</b></p> <p>Foreldraráð starfar samkv. lögum um leikskóla og gefur m.a. umsögn um starfsáætlun og námskrá. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins og í foreldraráðið á haustfundi foreldra í leikskólanum.</p> <p>Tilgangur foreldrafélagsins er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Foreldrafélagið gefur út fréttabréf þar sem starfsemin er kynnt.</p>
<p><b>Eftir áramót er unnið með þjóðsögu á öllum deildum.</b></p>		<p><a href="http://klettaborg.is">http://klettaborg.is</a></p>

## Áætlun um samstarf Klettaborgar og Hamraskóla veturinn 2017-2018

Í þessu verkefni taka þátt:

Ásgerður Hallgrímsdóttir kennari í 1. bekk [asgerdur.hallgrimsdottir@rvkskolar.is](mailto:asgerdur.hallgrimsdottir@rvkskolar.is)

Íris Andrésdóttir kennari í 1. bekk [iris.andresdottir@rvkskolar.is](mailto:iris.andresdottir@rvkskolar.is)

Ásta Þorsteinsdóttir leikskólakennari [olof.asta.thorsteinsdottir@reykjavik.is](mailto:olof.asta.thorsteinsdottir@reykjavik.is)

auk skólalastjórna Hamraskóla og Klettaborgar.

18. september		Upphafsfundur með Ástu og 1. bekkjakennurum, dagsetningar og viðburðir ákveðnir.
29. sept. -föstudagur	Kl. 14:00- 14:45	Elstu börn Klettaborgar koma í heimsókn eftir að skólatíma lýkur hjá 1. bekk. Skólalastjórni taka á móti þeim og sýna þeim stofuna hjá 1. bekk. Börnin fá tíma til að leika sér og skoða sig um.
6. okt. - föstudagur	Kl. 8:30	Samsöngur í Hamraskóla.
25. október - miðvikudagur	Kl. 8:40-9:20	1. bekkur fer í heimsókn á Klettaborg 16. nemendur
26. október - fimmtudagur	Kl. 8:40-9:20	1. bekkur fer í heimsókn á Klettaborg 16. nemendur
16. nóvember - fimmtudagur	Kl. 10:20	Nemendur úr 4. bekk lesa fyrir krakkana á Klettaborg í tilefni af Degi íslenskar tungu.
8. nóvember -miðvikudagur	Kl. 10:10-10:50	Valtími. Elstu börn Klettaborgar koma í Hamraskóla og taka þátt í vali með 1. bekk. 11 leikskólanemendur
10. nóvember - föstudagur	Kl. 10:10-10:50	Valtími. Elstu börn Klettaborgar koma í Hamraskóla og taka þátt í vali með 1. bekk. 11. leikskólanemendur
Kemur í ljós		Í desember munu nemendur 6. bekkjar fara með leikskólabörnum Klettaborgar í Gufunesbæ
8. desember -föstudagur	Kl. 8:20	Elstu börn Klettaborgar koma í Hamraskóla í samsöng .
Janúar		Foreldrafundur í Hamraskóla með leikskólalastjóra og skólalastjóra.
7. febrúar -miðvikudagur	Kl. 8:30-10:10	Elstu börn frá Klettaborg koma í heimsókn í Hamraskóla. Börnin koma með nesti og fara í frímínútur.
8. febrúar -fimmtudagur	Kl. 8:30-10:10	Elstu börn frá Klettaborg koma í heimsókn í Hamraskóla. Börnin koma með nesti og fara í frímínútur.
23. febrúar -föstudagur	Kl. 8:30	Samsöngur í Hamraskóla.
14. mars -miðvikudagur	Kl. 10:10-10:50	Valtími. Elstu börnin frá Klettaborg koma í Hamraskóla í val með 1. bekk. 11 leikskólanemendur
16. mars - föstudagur	Kl. 10:10-10:50	Valtími. Elstu börnin frá Klettaborg koma í Hamraskóla í val með 1. bekk. 11 leikskólanemendur
2. apríl -föstudagur	Kl. 8:30	Samsöngur í Hamraskóla.
7.-11. maí	Kl. 8:30-9:50	Vorskóli er haldinn í Hamraskóla í lok maí fyrir þau börn sem eru skráð í 1. bekk haustið 2018.
23. maí -miðvikudagur	Kl. 10:10	Elstu börn Klettaborgar og 1. bekkur hittast á skólalóð Hamraskóla í skipulögðum leikjum.
		Heimsókn í frístund að vori. Bryngeir umsjónarmaður frístundar skipuleggur með Ástu



## Dagskipulagið – verkefni

Mat á skipulagsdegi 12. mars 2018

Verkefni	Tími – ca.	Athugasemdir
Móttaka	7,30	
Opnun deilda	8,00	
Morgunverður Hk og Kk í Glym fyrir Fk og Ak	8,15-8,45	
Leiktími – frjáls leikur með val aðferð Körfuval hjá Fk og Ak Val..... hjá Hk og Kk Mánudagar – heimsóknir Föstudagar - vinastund	8,00	
Kaffitímar	breyting	
Samverustund	9,30	
ávaxtatími	10,00	
Vinnustundir 1-3 daga í viku Frjálst á mán. + föstud.	9,30 10,00	
Útivera fh.	?	
Undirbúningur f. Hádegisv	11,40	
Hádegisverður	11,50	
Hvöld – róleg stund		
Frjáls leikur – úti / inni	13,00	
Kaffitímar	breyting	
Nón hressing	14,45	
Samverustund	15,15	
Leiktími,	15,30	
Samantekt - skilun	16,30	

### Fyrirkomulag á mati:

<ul style="list-style-type: none"> <li>Dagskipulagið og verkefni tengd því skoðað</li> <li>Hver starfsmaður velur 1-3 þætti í dagskipulaginu sem hún/hann telur mikilvægt-áhugavert að skoða betur – <u>setur á gulann miða og rökstyður hvers vegna þessi þáttur</u></li> </ul>	Hugarflug í ca. 5 mínútur Einstaklingsvinna
<ul style="list-style-type: none"> <li>Deildin fer yfir þá þætti sem voru valdir –</li> <li>Umræður um hvernig er staðan hjá okkur með þessa þætti</li> <li>Ákveða að taka fyrir þá þætti sem voru valdir eftir ákveðinni röð þ.e. hvað fyrst, hvað svo og = forgangsraða til umræðna</li> </ul>	Tími ca 10-15 mínútur Deildarvinna
<ul style="list-style-type: none"> <li>Hver starfsmaður setur á gulann miða fullyrðingu um viðmið, hvernig þátturinn er þegar vel gengur - „það er vel heppnað (gengur vel) þegar.....“ <ul style="list-style-type: none"> <li>það geta verið fleiri en ein fullyrðing frá hverjum starfsmanni</li> </ul> </li> </ul>	Tími ca 5-10 mínútur Einstaklingsvinna
<ul style="list-style-type: none"> <li>Umræða um fullyrðingarnar – rökstuðningur þeirra sem leggja þær fram</li> <li>Næstu skref / umbætur / nánari matsgreining .....</li> </ul>	Tími ca 15 mínútur

## **Mat á haustinu 2017**

Fræðsluverkefni haustið 2017

Umræðumat á skipulagsdegi 21. nóvember 2017

Skráið niður – sendið til leikskólastjóra niðurstöður.

Deild.....

Hvaða verkefni var í starfsáætlun deildarinnar fyrir haustið 2016?

Hvað hefur gengið samkvæmt áætlun eða gengið vel?

Hvernig vitið þið að það hefur gengið vel?

Hvers vegna hefur það gegnið vel?

Hvað hefur hindrað að það hefur gengið samkvæmt áætlun eða gengið illa eða verið fell niður?

Hvað getum við lært af því sem hefur gengið vel ... þrátt fyrir hindranir?

Gott að rifja upp að í nóv. '15 – var svona mat gert – þar komu fram ákveðnir þættir hjá hverri deild – hefur það nýst í ár?

Hvernig gætum við brugðist við hindrunum ef þær verða aftur í næstu verkefnum starfsáætlunar?

Gott að rifja upp að í nóv. '15 – var svona mat gert – þar komu fram ákveðnir þættir hjá hverri deild – hefur það nýst í ár?

Annað sem ykkur dettur í hug?

## **Jákvæð og glaðleg samskipti**

Deildarvinna / umræður eftir skráningartímabil á deildarfundi.

Deildarstjórar

Farið yfir ykkar samantekt, takið saman umræðuna á deildarfundi.

Sendið til mín vangaveltur:

Hvað þið / deildin ætlið að gera með skráningarnar þ.e. einhver umbótaáætlun??

Hvað þið / deildin ættuð að hafa í huga fyrir næstu skráningar – næsta vetur??

Hér eru nokkrir þættir sem gott er að hafa í huga við umræðuna.

Hver deild velur sér það sem hentar henni best.

- Er eitthvað sem vekur athygli í skráningu:
- Þarf að endurskoða einhver viðmið – eða útskýra þau betur
- Voru aðstæður á skráningartímabilum á einhver hátt
- Urðu breytingar á hegðun barna á skráningartímabilum eða eftir
- Urðu breytingar á vinnubrögðum starfsmann á skráningartímabilum eða eftir
- Hvernig gagnaðist þetta vinnublað – vankantar?
- Fengu öll börn jákvæð samskipti frá öllum starfsmönnum
- Einhver börn sem er auðvelt að gefa jákvæð-hrós
- Einhver börn sem er erfitt að gefa jákvæð-hrós
- Viðmið nr. 3 – hvaða börn / hversu oft
- Gagnsemi skráningar
- Starfsmenn sem koma af og til inná deild – hvernig á að fara með það
- Næstu skref eftir áramót + eftir seinni skráningartímabil

**Stöðumat – Þjóðsagan..... dags..... deild.....**

<b>Umræður</b>	
Er sagan lesin á hverjum degi – ef ekki hvers vegna	
Taka börnin þátt í að segja söguna þegar hún er lesin	
Hvernig hefur verkefnavinna skapast út frá sögunni	
Endursögn á sögunni með börnunum, hvaða tími er heppilegastur til þess	
Hvað hefur verið skemmtilegt við verkefnið	
Hvað hefur verið erfitt við verkefnið	
Í upphafi verkefnisins var þá eitthvað sem var fyrristaða með/ógnvænlegt	
Hefur deildarstarfið breyst - hvernig	
Skráning á verkefnum sem tengjast sögunni	
Annað	

## 11.1 Umsögn foreldraráðs

### Starfsáætlun 2018 – 2019 Klettaborg

# Umsögn foreldraráðs

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Þorleifur Gíslason  
Ýr Björnsdóttir  
Þóra Mjöll Jensdóttir**

## Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundur og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

### Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlun vetrarins 2018-19 og kunngjörir hér að hún uppfyllir þau skilyrði sem SFS setur.

Það hefur verið heiður að taka þátt í og fá að fylgjast með starfsemi Leikskólans Klettaborgar þetta skólaár.

Með sanni sagt er hægt að segja að rekstur skólans er til fyrirmyndar, starfandi leikskólastjóri Lilja Eypórsdóttir er úrræðagóð, með hlýja nærveru og góða leiðtogaþæfileika sem er fullkomin blanda í krefjandi starfi sem hennar starf er. Hún hefur jákvæða stjórn á starfsmönnum og nemum sem smitar frá sér í góðu samstarfi allra. Við vitum það að ekki er alltaf hægt að fylgja öllum áætlunum en forgangurinn er réttur á Klettaborg og það er að börnin fái að dafna vel í leik og starfi og finni sem minnst fyrir manneklu og álagi starfsmanna sem við vitum að er vandamál. Stefnur skólans eru til fyrirmyndar. Skólanámskráin er full af áhugasömum verkefnum sem nemendur hafa unnið saman að í vetur og vor og foreldrar hafa fengið að fylgjast vel með gangi mála, bæði í vikulegum póstum frá deildarstjórum, sýnilegum myndum og verkum sem prýða veggum skólans og sýninga sem nemendur hafa haldið fyrir foreldra.

Á fundi foreldra við gerð ytra mats voru allir á sama máli hvað varðar fagmennsku starfsfólks Klettaborgar og að velferð barna þeirra væri í góðum höndum.

Við vitum að alltaf er hægt að gera betur og við lestur innra mats skólans sést greinilega að allir eru að vinna saman að því markmiði að gera Klettaborg að enn betri vinnustað fyrir börnin okkar.

Við viljum þakka fyrir gott skólaár

Fyrir hönd foreldraráðs

Ýr Björnsdóttir  
Þorleifur Gíslason

ATH

Þóra Mjöll Jensdóttir, flutti búferlum í annan landshluta og var því ekki með seinni hluta skólaársins í foreldraráðinu.

## F. h. leikskólans Klettaborgar

**13. júlí 2018**

---

**Lilja Eypórsdóttir, Leikskólastjóri**